

Brimfaxi



Til hamingju Hafró

Sveinbjörn jónsson fer yfir árangur Hafrannsóknastofnunar

bls: 6



Grásleppan og framtíðin

Axel Helgason reifar hugmyndir varðandi veiðistjórnun á grásleppu

bls: 8



Aðalfundur Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkafólks 2017

bls: 30

Tímarit Landssambands smábátaeigenda 1. tbl. 2017

Hver er stefna stjórnvalda gagnvart smábátaflotanu?

Er ekki eitthvað að fiskveiðikerfi sem fækkar látlaust þeim útgerðum sem valda minnstum umhverfisáhrifum?

ER ÞITT ÖRUGGLEGA TRYGGT?

HEIMILÍÐ VÖRÐUR



**Heimilið
Líf og heilsa
Bíllinn
Reksturinn**

Það er sárt að sjá það koma upp úr kafinu hvernig eigur þínar leysast upp. Þá er dýrmætt að það sé tryggt að þú fáiir tjónið bætt. Hafðu samband og saman finnum við út hvað þú átt – að tryggja.

VEISTU HVAD ÞÚ ÁTT?

 **vörður**



Efnisyfirlit

Baráttan framundan	2
Til Hamingju Hafról!	6
Grásleppan	8
Brostinn draumur trillukarlsins	12
Hver er stefna stjórnvalda í málefnum smábátaútgerðarinnar?	16
Togararallið, sjálfshólið og spurningin sem var ekki borin upp	26
Björgunarbúnaður – áhætta og eftirlit	28
Aðalfundur WFF	30
Öflugt strandveiðikerfi er nauðsynlegur hlekkur í byggðafestu íslenskrar fiskveiðipjóðar	38
Vélfræði 101	42
Litlu sjávarþorpin lifa í látlausri óvissu	44

Útgefandi: Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Ritstjóri:** Arthur Bogason. **Ritnefnd:** Arthur Bogason, Axel Helgason og Örn Pálsson. **Ábyrgðarmaður:** Arthur Bogason. **Umsjón með útgáfu:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. **Umbrot:** Harri. **Auglýsingar:** Brimfaxi, blaðaútgáfa ehf. Sími 892 2585. Netfang arthur@smabatar.is **Myndir:** Arthur Bogason, Alfons Finnsson, Þorgeir Baldursson, Haraldur Guðjónsson o.fl. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Upplag:** 1300 eintök.



Logn í höfn - en stormur framundan

Baráttan framundan

Útgerð smábáta hefur tekið gríðarlegum breytingum frá þeim tíma sem Landssamband smábátaeigenda var stofnað hinn 5. desember 1985. Þá samanstóð flotinn nánast eingöngu af trébátum minni en 10 brúttórumlestum með ganghraða 6 – 8 mílur og vart aflmeiri vél en 100 hestöfl. Nú hefur stærð bátanna margfaldast – allt að 30 brúttótonn, hestöflin tífoldast sem knúja viðkomandi áfram á allt að 30 sjómílna hraða eftir haffletinum. Tréð hefur vikið fyrir trefjaplasti.

Tækjabúnaður hér áður fyrr varla nema kompás og dýptamælir, nú eins og að koma inn í geimstöð eins og félagsmaður orðaði það við mig þegar hann skoðaði einn nýsmíðaðann af ofurstærð. Brúin hlaðin búnaði sem allur er talinn nauðsynlegur í nútíma báti.

Í stað þess að í árdaga hafi flestir talið einn í áhöfn var á tímabili meðalfjöldi í áhöfn að nálgast 2 menn. Með tilkomu strandveiða hefur meðaltalið hins vegar lækkað, en á þeim

veiðum eru menn nánast alltaf einir. Á stærstu bátunum sem eru innan LS eru allt að 4 í áhöfn.

Enginn smábátur leggur nú úr höfn öðruvísi en að bátur og mannskapur sé að fullu tryggður og stjórnendur með þau réttindi sem krafist er. Eitt af þeim markmiðum sem félagið setti sér í upphafi.

Með nýjum bátum hafa framfarir í smíði leitt til öruggari báta, betri aðbúnaðar fyrir áhöfn og aflameðferð eins og hún á að vera þegar hágæða hráefni er til meðhöndlunar á leið á disk neytenda skömmu síðar. Með vaxandi styrk LS hafa veiðiheimildir til smábáta verið auknar og gert félagsmönnum kleift að endurnýja báta og búnað. Aflaverðmæti hefur aukist samhlíða þessum þáttum.

Þann 25. júní 2013 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Með henni voru stærðarmörk smábáta hækkuð um 100%. Í stað 15 brúttótonna hámarks komu 30 brúttótonn.



HAFNARFJARÐARHÖFN



LANDSSAMBAND
smábátæigenda



Hvalur hf

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR



SJÓMANNASAMBAND
ÍSLANDS

samskip

oddi.
hf

KM
RÓSA

Brimfaxi

Svæðisfélög Landssambands smábátæigenda senda sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir í tilefni sjómannadagsins

Árborg, félag smábátæigenda á Suðurlandi
Smábátafélag Reykjavíkur
Báran, félag smábátæigenda í Hafnarfirði og Garðabæ
Elding, félag smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum
Farsæll, félag smábátæigenda í Vestmannaeyjum
Félag smábátæigenda á Austurlandi
Fontur, félag smábátæigenda á Norð-Austurlandi
Hrollaugur, félag smábátæigenda á Hornafirði

Klettur, félag smábátæigenda á Norðurlandi eystra
Reykjanes, félag smábátæigenda á Reykjanesi
Sæljón, félag smábátæigenda á Akranesi
Skalli, félag smábátæigenda á Norðurlandi vestra
Smábátafélagið Strandir
Snæfell, félag smábátæigenda á Snæfellsnesi
Strandveiðifélagið Krókur
Drangey – Smábátafélag Skagafjarðar



Örn Pálsson framkvæmdastjóri Landssambands smábátæigenda

Við þessa lagabreytingu urðu nokkur vatnaskil sem veiktu stöðu LS. Flestir þeirra aðila sem börðust fyrir stækkun sögðu skilið við félagið. Margir þeirra höfðu verið lengi innan raða LS og sumir allt frá upphafi. Erfiður biti að kyngja.

En, það var fleira sem gerðist. Hljómgrunnur fyrir kröfu okkar um aukinn hlut smábáta í heildarafla minnkaði og baráttu LS fyrir bættu rekstrarumhverfi sömuleiðis. Í viðræðum við stjórnvöld og aðra viðsemjendur þegar stutt er í að árangur náist er gjarnan sagt: „Sjónarmið ykkar slær ekki í takt við alla smábátæigendur. Hingað koma aðilar sem eru ekki í LS en gera samt út smábát. Þeir eru ekki sama sinnis. Við verðum líka að taka tillit til þeirra sjónarmiða“.

Það er engum vafa undirorpið að samstaða smábátæigenda er þeirra sterkasta vopn. Gegnum söguna þó hún spanni ekki nema rúma þrjá áratugi, þá hefur það sannast rækilega. Að sjálfsgöngu hafa menn ekki alltaf verið sammála um allt sem gert er, en þeir hafa lengst af borið gæfu til að vera allir innan sama félagskapparins – LS. Ég hvet hér með smábátæigendur til sameiningar. Þeirra hagsmunum er best borgið innan eins félags – Landssambands smábátæigenda.

Framundan eru fjölmörg málefni sem LS mun beita sér fyrir. Hér er upptalning á nokkrum þeirra:

- Veiðigjald hjá smærri útgerðum verði tafarlaust lækkað.
- Handhafar aflahlutdeilda séu greiðendur veiðigjaldsins en ekki sá sem veiðir, þar með taldir þeir sem leigja til sín heimildir.
- Afsláttur af veiðigjaldi vegna vaxtakostnaðar af lánnum vegna kaupa á veiðheimildum verði framlengdur.
- Áfram verði slegið í aflameðferðarskjöldin sem ómar: „Alltaf er hægt að gera betur“.
- Ráðist verður gegn öllum gjöldum og kostnaði sem smábátæigendum er gert að greiða þar sem ekki er tekið tillit til umfang útgerðar.
- Barátta fyrir viðunandi heimildum til strandveiða verður hert.
- Barist verður fyrir að byggðakvóti verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.
- Enginn afsláttur verður gefinn af kröfunni um 16% hlutdeild færabáta í makríl.
- Náðst hefur afsláttur í krafti fjöldans á eldsneyti, tryggingaiðgjöldum, björgunartækjum o.fl. þáttum. Áfram verður haldið á þessari braut.
- Kjarasamningur endurnýjaður.
- Ívilnun á kvóta við orkusparandi veiðar verði komið í framkvæmd.

Ég er sannfærður um að sá þróttmikli félagsskapur sem Landssamband smábátæigenda er mun með samstöðu félagsmanna skila af sér bættu rekstrarumhverfi. Leggjumst allir / öll á árarnar og náum okkar markmiðum.

Ég óska félagsmönnum, fjölskyldum þeirra og öðrum velunnurum Landssambands smábátæigenda til hamingju með sjómennadaginn.

Góðar stundir.

Örn Pálsson
framkvæmdastjóri

ERTU KLÁR Í NÆSTU SJÓFERÐ?

Öryggisfræðsla til sjómanna hefur forðað mörgum sjómönnum frá slysum.

Með aukinni þekkingu og breyttu hugarfari sjómanna hefur öryggisfræðslan sannað sig.

Allir sjómenn eiga að sækja grunnöryggisfræðslunámskeið og síðan endurmenntun á fimm ára fresti til að fá lögskráningu í skipprúm.

Þann 1. nóvember 2010 tóku gildi ný lögskráningalög þar sem sú breyting var á að lögskrá skal á öll skráningaskyld skip sem gerð eru út í atvinnuskyni.

Ekki missa af næstu sjóferð vegna skorts á grunn- eða endurmenntunarnámskeiði í öryggismálum og skráðu þig í tíma á námskeið Slysavarnaskóla sjómanna



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Allar fyrirspurnir um námskeið og skráningar eru í síma 562 4884 eða á netfangið saebjorg@landsbjorg.is



Sveinbjörn Jónsson hefur aðra sýn á ástandið en Hafrannsóknastofnun

Til Hamingju Hafró!

Er ekki dásamlegt að eiga svona stóran þorsstofn í hafinu. Tilfinningin hlýtur að vera stórkostleg að hafa fengið að ala upp miklu stærri þorsstofn en við áttum, til að geta veitt miklu stærri þorska með miklu minni fyrirhöfn.

Að vísu vex aflinn lítið í samanburði við stofninn en eru það ekki bara góð búhyggindi að eiga nóg af fiski í hafinu?

Hvernig lítur annars fóðurhliðin á dæminu út? Hve mikið fóður skyldi liggja að baki hverju tonni af afla af 7-10 ára fiski samanborið við 4-7 ára fisk? Dæmið er að vísu svolítið loðið vegna margbreytilegrar aldurs/afla dreyfingar en það ætti ekki að standa í sérfræðingum Hafrannsóknarstofnunar að velja sér tvö ár til samanburðar.

Mín skoðun er sú að flutningur sóknar upp eftir stofni hafi kostað lífríkið að minnsta kosti þreföldun af fóðri vegna þeirra einstaklinga sem eru í samanburðinum.

En það þarf líka að fóðra stofninn allan og til þess að geta framkvæmt breytinguna þurfti að

lágmarki að tvöfalda stofnstærðina. Þetta þýðir að fóðurdæmi aflans er þegar orðið sexföldun. Og auðvitað vex samkeppnin við stærri stofn og stöðugt meiri orka fer í lífsbaráttu í stað vaxtar.

Ég vil því álykta að Hafrannsóknarstofnun hafi tekist að tífalda fóðurbörf afla íslenska þorsstofnsins og tel því við hæfi að óska þeim til hamingju með árangurinn.

Þar sem margir Íslendingar hafa betri innsýn í búskap en lífríki hafsins vil ég leyfa mér að gera tilraun til að færa afrekið milli greina svo menn átti sig á stærð þess.

Segjum að Rannsóknarstofnun landbúnaðarins fengi Alþingi til að setja í lög að ekki mætti slátra sauðfé ungra en 5 ára og reynum svo að gera okkur grein fyrir hvað það mundi kosta af fóðri að viðhalda sömu kjötframleiðslu og núverandi sumarlamaslátrun leiðir af sér.

Húsakostur og grasrækt þyrfti að margfaldast á nokkrum árum en það mundi ekki duga til þannig að Eimskip og Samskip þyrftu að fylla öll sín skip og skemmur af innfluttu heyi ef viðhalda ætti sömu kjötframleiðslunni.

Það er ekki sérfræðingum landbúnaðarins að kenna að ég treysti mér ekki til að óska þeim til hamingju eins og Hafró. Þeir fá aldrei að gera slíka tilraun og jafnvel þó þeir reyndu er víst að hún mundi mistakast.

Aftek Hafranssóknarstofnunar verður enn stórkostlegra þegar tekið er tillit til þeirra umhverfisaðstæðna sem það er unnið við. Fyrir tæpum áratug hrundi íslenska hagkerfið með skelfilegum afleiðingum fyrir suma. Um svipað leyti hafði Hafró tekist að þegja af sér alla gagnrúni og með stuðningi erlendra vísindamanna, sem líka eiga sama heiður skilinn, tekist að fá stjórnvöld til að samþykkja lækkan aflareglunnar í 20%.

Stjórnvöld sem fljótlega stóðu frammi fyrir uppsögnum starfsfólks í heilbrigðisþjónustu og niðurskurði flestra velferðarmála samþykktu að takmarka árlegan afla úr þorskstofni við 20% af stofnstærð til að þóknast snillingunum og hjálpa þeim að flytja sóknina ofar í þorskstofninn. Þeir sem þekkja veiðisögu íslenska þorskstofnsins vita að hann bar langtímum saman 30-40% sókn og svaraði henni oft með mjög hárrí nýliðun.

Ég vil leyfa mér að álykta að 100 þúsund tonna árlegur viðbótarafli undanfarin 10 ár hefði eingöngu virkað sem heilbrigð grisjun og haft



Þorskur, frekar áhyggjulaus yfir því að verða veiddur

sáralítill áhrif á núverandi stofnstærð. Ljóst er að þau milljón tonn af þorski sem þannig hefði mátt bæta við aflann mun aldrei verða til vegna þess að þau voru ekki veidd. Veiðar búa til fisk á sama hátt og skógarhögg býr til timbur. Í tilfalli fiskanna getur bíomassi afla orðið margföld stofnstærð á nokkrum áratugum.

Ég tel því enn ríkari ástæðu til að óska Hafranssóknarstofnun til hamingju með árangurinn síðastliðna þrjú áratugina þar sem aflaskerðingar þeirra á tímabilinu eru líklega orðnar stærri en þorskstofninn getur nokkurn tíma orðið. **TIL HAMINGJU HAFRÓ!**

Sveinbjörn Jónsson

BJ5000EX

Handfæra vinda
Fyrsta nýjungin í færaveiðum
í yfir 20 ár
Ný hönnun
Sterkari mótör
Stærri skjár

SJÓVÉLAR

Skútuvogi 12 · Sími: 553-3311 · www.sjo.is



Axel Helgason, formaður LS

Grásleppan

Fyrir og eftir að yfirstandandi grásleppuvertíð hófst hefur ýmislegt gengið á hvað varðar veiðarnar, veiðistjórnunina og verðið. Veiðarnar byrjuðu 20. mars sl. og ljóst strax í upphafi að lág verð drógu mjög úr áhuga manna til að hefja veiðar. Fyrstu vikurnar voru um 30% færri veiðileyfi virkjuð miðað við sama tíma árið 2016.

Ráðherra ákvað í fyrsta skipti að hunsu álit LS varðandi fjölda veiðidaga og fyrsta verðið sem fréttist af var 110 krónur fyrir heila grásleppu úr sjó. Sem þetta er ritað (í lok maí) er verðið um 190 krónur.

Nokkrum dögum eftir að veiðiráðgjöf HAFRÓ var gefin út, var umsögn LS um dagafjölda á vertíðinni send ráðuneytinu. Þar var lagt til að dagafjöldinn yrði 36, eða 4 dögum fleiri en í fyrra. Tíu dögum síðar sendi Vignir G. Jónsson ehf (HB Grandi) erindi til ráðuneytisins þar sem óskað var eftir verulegri fjölgun veiðidaga til að ná ráðlögðum heildarafla grásleppu. Deginum áður hringdi forsvarsmaður Vignis í undirritaðan og velti því upp hvort til greina kæmi að LS

beitti sér fyrir slíkri fjölgun á veiðidögum. Í lok þess samtals nefndi hann að ef döggunum yrði ekki fjölgað væri ljóst að verðið myndi hækka. 18. apríl fundaði grásleppunefnd LS og niðurstaðan var að hafna fjölgun veiðidaga.

Það sem helst mælti á móti fjölgun daga var að veiði pr. sóknardag var einungis um 60% af aflanum 2016 eða 468 kg á móti 791 kg og í engu samræmi við veiðiráðgjöf Hafró upp á 6.300 tonn, sem var um 6% samdráttur frá 2016. Jafnframt þótti nefndinni ótækt að kaupendur grásleppu væru að beita sér fyrir fjölgun veiðidaga þegar ekki fengjust nógu margir til að hefja veiðar vegna lágs verðs.

Þorgerður Katrín sjávarútvegsráðherra ákvað hinn 29. apríl sl. eftir langan umhugsunartíma og ofan í þá staðreynd að stór hluti veiðmanna hafði þá þegar dregið upp netin, að hunsu LS með öllu og fjölga döggunum í 46. Í eftiráskýringu vísaði ráðuneytið til þess að seljendur grásleppuhrognar vantaði hrogn til að standa við sölusamninga. Með ákvörðuninni og

tilvísuninni braut hún blað hvað varðar hvoru tveggja.

Það verður mjög áhugavert að fylgjast með hvernig ráðherra beitir sér í veiðistjórn á öðrum tegundum sem brenna inni, eins og ufsanum. Þar falla nokkur þúsund tonn á hverju ári sem smábátaflotinn myndi þiggja með þökkum.

Umræða um kvótasetningu hefur aftur kviknað meðal grásleppukarla. Ekki er auðvelt að sjá hvað knýr menn, sérstaklega á þessum tímamarki, til þeirra vangaveltna.

Rök sem nefnd hafa verið fyrir kvótasetningu eru meðal annars að ekki sé hægt að taka net upp vegna veðurs eða meðafla án þess að tapa veiðidögum. Mín skoðun er sú að best væri að leysa þetta með því að heimila hlé á veiðum innan veiðitímabils og lengja veiðitímabilið á öllum svæðum, þannig að það verði frá byrjun mars fram í ágúst. Að vísu með undantekningu á innanverðum Breiðafirði vegna friðunar æðarfugls.

Til hagræðingar tel ég einnig ástæðu til að taka aftur til umræðu á næsta aðalfundi tillögu sem var samþykkt 2013 en felld ári síðar, þar sem ályktað var að heimilt væri að sameina leyfi þar sem annað leyfið teldi til 50% af veiðidögnum.

Þeir sem stunda grásleppu þurfa að velta fyrir sér hvaða fyrirkomulag veiðistjórnunar þjóni heildinni best til langframa.

Ég tel að LS eigi að íhuga þann möguleika að gera könnun meðal félagsmanna sinna um hvaða fyrirkomulag þeir telja best í veiðistjórnun á grásleppu.

Slík könnun var reyndar gerð fyrir u.þ.b. 20 árum innan félagsins, en þá komu upp hugmyndir um kvótasetningu. Niðurstaðan á þeim tíma var sú að 67% aðspurðra höfnuðu slíku fyrirkomulagi.

Fyrsta stóra spurningin sem blasir við er þessi: Hvernig hafa kvótasetningar á smábátaflotann reynst honum frá því kvótakerfið var sett á laggirnar 1984? Hvar er hinn öflugi smábátafloti í aflamarki sem var að veiðum 1991? Þeir voru yfir þúsund, en eru rúmlega hundrað í dag. Kvótarnir að eilífu farnir út úr



Grásleppuveiðar. Þeim er enn stýrt með sóknarmarki, eins og sl. 50 ár

smábátaveiðunum. Eða hinir rúmu 700 smábátar sem fóru inn í krókaafلامarkið 2004, en eru vel innan við 300 í dag? Og svo síðasta dæmið: þar sem örfáum aðilum tókst að loka (a.m.k. tímabundið) hinu stórkostlega tækifæri sem fólst í breyttu göngumynstri makrils í Norðurhöfum fyrir smábátaflotann.

Næsta spurning lítur að líffræðinni. Eru grásleppukarlar þeirrar skoðunar að núverandi fyrirkomulag sé að ganga af stofninum dauðum? Það gengur heldur illa upp í ljósi þess að í hitteðfyrra sagði Hafró stofninn stærri en hún hefði áður mælt hann í langan tíma. Og það eftir hálfrar aldar stjórn með sóknarmarki. Hitt er svo annað mál að mæliaðferðir Hafrannsóknastofnunar eru í meira lagi undarlegar í hugum flestra ef ekki allra sem eitthvað hafa stundað grásleppuveiðar. Nú síðast lækkaði vísitalan í togararallinu um 6% en veiðin hefur dregist margfalt meira saman. Á þessu hafa engar skýringar verið gefnar.

Þriðja spurningin, sem LS verður að spyrja sig að tengist einu þeirra grundvallarsjónarmiða sem félagið var byggt á – að nýir aðilar eigi innkomu í sjávarútveginn. Staðreyndin er sú að grásleppan er ennþá utan kvótasetningar sem

Þýðir að ungir menn, sem eiga sjaldnast fulla vasa fjár en botnlausan áhuga á því að halda til hafs, eiga þarna möguleika til innkomu án þess að veðsetja sig og sína um alla framtíð.

Sú ókræsilega staða gæti auðveldlega komið upp, komi til kvótasetningar, að t.d. stærsta útgerðarfélag landsins, HB Grandi, sem einnig er stærsti kaupandi grásleppu í gegnum dótturfélag sitt á Akranesi sanki að sér kvóta og myndi sér ráðandi stöðu beggja megin borðsins varðandi verðmyndun á grásleppu.

Má ekki telja líklegt að fyrirtæki með djúpa vasa og greinileg ítök, samkvæmt ofanrituðu, í sjávarútvegsráðuneytinu, velti þeim möguleika fyrir þér?

Að lokinni þessari upptalningu spurninga situr eftir ein heldur óþægileg. Telja grásleppu-veiðimenn að þeir geti haft eitthvað að segja um framtíðarfyrirkomulag veiðistjórnunarinnar?

Reynslan af ákvarðanatöku síðustu ráðherra hvað þetta varðar er því miður sú að gæta hagsmuna fárra þóknanlegra einstaklinga, en ekki heildarinnar. Gott dæmi um þetta er þegar

stærðarmörk smábáta voru skilgreind upp á nýtt og færð upp í 30 tonn. Sú ákvörðun Sigurðar Inga Jóhannssonar, fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, hefur á örskömmum tíma leitt til 30% fækkunar á bátum í krókaafلامarki - nákvæmlega eins og LS varaði ótal sinnum við að myndi gerast.

Grásleppan er furðulegur fiskur og lítur heldur ekki sömu lögmálum og aðrar fiskafurðir á markaði. Miðað við aðrar sjávarafurðir eru kaupendur sárafáir og þeir geta geymt hina unnu afurð (hrognin) í allt að 2 ár. Þetta hefur gert sveiflur vegna spákaupmennsku á grásleppuhrognamarkaðinum til muna stærri en í öðrum sjávarafurðum.

Það er sama hvernig á málið er litið, LS verður að vanda sig mjög hvað þessi mál varðar. Hagsmunir heildarinnar verða alltaf að ganga fyrir því hvað hentar örfáum.

Axel Helgason

Formaður Landssambands smábátæigenda

GÆÐAVÖRUR FYRIR BÁTINN!



REYKJAVÍK, Dvergshöfða 2, KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata,
HAFNARFJÖRDUR, Dalshrauni 17, REYKJANESBÆR, Krossmóa 4,
SELFOSS, Hrísmýri 7, AKUREYRI, Furuvöllum 15,
Sími: 535 9085 | www.bilanaust.is

FÉLAGSMENN Í LANDSSAMBANDI
SMÁBÁTÆIGENDA FÁ ALLT AÐ
20% AFSLÁTT*
*GEGN FRAMVÍSUN FÉLAGSSKIRTEINIS

Bilanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

NÝ HEIMASÍÐA
BRIMRUN.IS

DRS4D-NXT



Nýja DRS4D-NXT ratsjain frá Furuno notar nýja "solid-state" tækni og býður upp á fjölda nýrra eiginleika.

- 60 cm X-BAND hattur með breytilegum snúningshraða, 24/36/48 RPM
- Magnetronalaus ratsjá sem þarf aðeins 25 W í sendiorku
- Tengist beint við Time Zero og NavNet Touch
- Breiðbandspúls „RezBoost“ sem gefur hærri upplausn og skarpari greiningu
- Langdrægni allt að 32 nm
- Litar endurvarp eftir því hvort það sé kyrrstætt eða á hreyfingu
- Breidd sendigeisla stillanleg frá 2° til 3.9°. Þrengri geisli gefur betra langdrægi og greiningu fjær en breiðari geisli gefur betri greiningu nær
- Ferlar allt að 100 ARPA merki samtímis
- Greinir fugla á allt að 5 nm sem getur verið kostur við fiskileit



DRS6A-X



- Val um 3.5', 4' eða 6' loftnetsstærðir, X-BAND
- Breytilegur snúningshraði, 24/36/48 RPM
- 6 kW sendiorka
- Skali frá 0.0625 nm til 120 nm
- Tengist beint við Time Zero og NavNet Touch
- Léttari og sterkari girkassi og mótör
- Ferlar allt að 30 ARPA merki samtímis
- Greinir fugla á allt að 5 nm sem getur verið kostur við fiskileit

Í DRS6A-X-Class ratsjainni hefur Furuno betrubætt hefðbundna ratsjartækni á þann veg að aðgreining endurvarpa á stuttum skölum er meiri og skarpari en áður. Einnig hefur þetta skilað skýrari endurvörpum úr mikilli fjarlægð, þ.e. á löngum skölum. Þessir nýju eiginleikar í Furuno DRS6A-X ratsjainni, hafa hingað til eingöngu verið í ratsjám framleiddum fyrir stærstu flutningaskip.



Brimrún

Reykjavík - Sími 5 250 250 – Akureyri - Sími 5 250 260

MAREIND

Grundarfirði
Sími 438 6611



Georg Eiður Arnarson horfir yfir farinn veg

Draumur trillukarlsins

Fyrr mörgum, mörgum árum síðan var eitt sinn ungur maður, sem keypt hafði sér lítinn bát og þegar sagan gerðist, hafði hann róið frá Eyjum í nokkra mánuði. Þetta var að vori til. Ungi maðurinn kom niður á bryggju, setti í gang og fór af stað. Veðrið var gott og veðurspáin góð, en þegar út fyrir klettsnefið var komið, blasti við unga manninum sjón sem hann hafði aldrei á sínum stutta ferli sem trillukarl séð áður.

Hann hafði fengið að finna fyrir vetri konungi þarna fyrr um veturinn, en þarna var sjórinn svo spegil sléttur að hvergi gáraði á flötinn og sem snöggvast brá fyrir sýn í huga unga mannsins úr gamalli góðri bók sem hann hafði lesið sem barn, en þar m.a. kemur fram í einni sögunni í bókinni saga um mann sem átti eftir því sem sagan segir, að hafa gengið á vatni.

Ungi maðurinn hristi þetta af sér og steig út úr stúrishúsinu til þess að virða þetta betur fyrir sér og við tók nánast ærandi gargið í fuglinum í Ystakletti, enda fuglinn allur sestur upp. Ungi maðurinn steig aftur inn og rétti stefnuna af,

steig síðan aftur út og var að horfa til austurs þegar fyrsti geisli sólarinnar gægðist austan við jökul. Birtan var svo ofboðsleg að ungi maðurinn greip fyrir augun og í huga hans myndaðist þessi litla ósk. Bara ef ég gæti fengið að lifa og starfa í friði. Ég verð aldrei ríkur en hugsanlega, með hörku og dugnaði, get ég séð fyrir mér og mínum. Ungi maðurinn opnaði aftur augun og hló við þessum hugrenningum og tautaði svo við sjálfan sig: „Ætli það verði ekki bankinn, eða þetta nýjasta, kvótakerfið sem gerir út af við svona draumóra.“

Ungi maðurinn rétti stefnuna af aftur og var svo litið til baka á eyjuna sem nú fjarlægðist og skipti hann svona miklu máli: „Og þó, hugsaði hann, hér á einhverjum fallegasta stað í heimi gæti ég hugsað mér að bera beinin.“ Aftur hló ungi maðurinn við og tautaði við sjálfan sig: „Vonandi á ég nokkur góð ár eftir.“ og hélt sína leið. Mér hefur oft verið hugsað til þessa unga manns, því eins og gefur að skilja þá þekkti ég hann nokkuð vel á þessum tíma, en samt töluvert betur í dag.

Nýju RezBoost dýptarmælarnir frá Furuno FCV-588/628

NÝ HEIMASÍÐA

BRIMRUN.IS



Gæða dýptarmælar fyrir minni báta. 8,4" eða 5,5" sérlega bjartur LCD 256 lita skjár. Sendiorkan er 600 W/1kW, tíðnirnar eru 50 og 200 kHz.

Hér eru á ferðinni mælar sem geta stærðargreint fiskinn með hefðbundnu botnstykki (single beam) sem áður var einungis hægt með stóru fjölgeisla botnstykki (multi beam) og því ekki verið fánlegt fyrir minni báta. Einnig er í mælinum, öflug botngreining sem greinir botninn í fjórar mismunandi gerðir; grjót, mól, sand og leir.

Nýr truflanadeyfir sem gerir það að verkum að mælirinn sýnir lóðningar nær botnstykkinu betur en áður. Þessir mælar gefa þér forskot á fiskveiðunum.

RezBoost™. Er ný merkjatækni sem Furuno hefur þróað til að geta notað venjuleg tveggja tíðni botnstykki saman með tíðnimótuðum sendipúlss "Chirp".

Mælir með RezBoost tækni gefur allt að 8 sinnum betri greiningu en eldri tækni, með hefðbundnu tveggja tíðni botnstykki

Þetta gerir það að verkum að ekki þarf að skipta um botnstykki þótt farið sé í mæli með Rezboost tækni þar sem hann getur í flestum tilfellum notað það botnstykki sem fyrir er.

NÝTT



Brimrún

Reykjavík - Sími 5 250 250 - Akureyri - Sími 5 250 260

MAREIND

Grundarfirði
Sími 438 6611

Það er komið að lokum draums trillukarlsins. Draumurinn um að fá að lifa og starfa á sínum eigin bát er ekki lengur raunhæfur og merkilegt nokk, það fór eins og ungi maðurinn velti fyrir sér á sínum tíma, að kvótakerfið náði honum. Vegna aðgerða fráfarandi ríkisstjórnar, þá er kvótaleigan og skattar á vegum ríkisins upp. 90% af því sem fæst fyrir fisk í dag og í sumum tilvikum jafnvel meira. Þá er eftir allur kostnaður við veiðarnar, olía og annað og því augljóst mál að þetta er ekki hægt. Draumur ungra manna um að kaupa sér bát og lifa af er því vonlaus í dag. Ástæðan er frjálsa framsalið.

Það eru nákvæmlega 30 ár síðan ég byrjaði í útgerð og þessi vetur er fyrsti veturinn í Vestmannaeyjum þar sem enginn bátur rær með línu og það þrátt fyrir, að í kring um Eyjar séu gríðarlega mikil og góð línuveiðisvæði. Það sjáum við hvað best á vorin þegar allur beitningavélaflotinn af Suðurnesjum mætir hingað til Eyja og liggur hérna vikum og mánuðum saman. Ég harma það mjög að ekki sé hægt lengur að lifa sem trillukarl í Eyjum á

ársgrundvelli, eða án þess að hafa einhverjar aðrar tekjur annar staðar frá.

Þess vegna m.a. er ég á móti núverandi kvótakerfi, en það að vera á móti kvótakerfinu þýðir samt ekki að maður sé tilbúinn í hvaða breytingar sem er. Ég hef alltaf verið á móti frjálsa framsalinu, vegna þess að þar liggur einfaldlega mesta hættan fyrir byggðir eins og hér í Vestmannaeyjum. Það að útgerðarmaðurinn einn ráði því hvort hann selur og þá hverjum sínar aflaheimildir, hefur nú þegar lagt margar byggðir allt í kring um landið. Útgerðin er lífæð okkar Eyjamanna og þess vegna þarf að breyta þessu kerfi, en það er ekki sama hvernig.

Óska öllum trillukörum gleðilegs sjómanna dags!

Georg Eiður Arnarson
Vestmannaeyjum



VELDU ÖRYGGI VELDU VOLVO PENTA HJÁ BRIMBORG

**VOLVO
PENTA**

Áreiðanleiki, afl, ending og öryggi með Volvo Penta.

Volvo Penta býður upp á breiða línu bátavéla sem henta margvíslegum gerðum og stærðum báta. Hældrifsvélar, gírvélar, IPS vélbúnaður, rafstöðvar og ljósavélar.

- Tökum eldri Volvo Penta vélbúnað upp í kaup á nýjum búnaði
- Eigum uppgerðan vélbúnað til sölu á lager
- Hjá okkur starfar framúrskarandi og faglegt teymi
- Tökum að okkur þjónustu og niðursetningu á Volvo Penta vélbúnaði
- Neyðarþjónusta í boði
- Gott úrval varahluta á lager
- Þjónustuaðilar um land allt

HAFÐU SAMBAND Í DAG
volvopenta@brimborg.is



Volvo Penta á Íslandi

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6

Sími 515 7070
volvopenta.is

KRÓKAVEIÐAR



MAKRÍLVEIÐITÆKI

ÖRYGGI Í NOTKUN
FYRIRFERÐALÍTIÐ
AFKASTAMIKIÐ



VINDUSTJÓRNUN

YFIRSÝN
ÞÆGINDI
EYKUR ÖRYGGI



FÆRAVINDUR

TRAUST
HAGKVÆMNI
ENDING



UMHVERFISVÆNAR VEIÐAR

Naustatanga 2 • 600 Akureyri • Iceland
Tel: +354 460 2900 • Fax: +354 460 2901

dng@dng.is
www.dng.is



Heyrir sjósetning glæsilegra smábáta sögunni til?

Hver er stefna stjórnvalda í málefnum smábátaútgerðarinnar?

Nú, rúmum þremur áratugum eftir að kvótakerfið var innleitt í íslensku fiskveiðarnar verður þessi spurning sífellt áleitnari. 30 ár er örstuttur tími í útgerðarsögu þjóðar, vart meira en andartak.

Á þessu andartaki hefur stjórnvöldum tekist að koma þannig málum fyrir að miklar blikur og dökkar eru á lofti yfir smábátaútgerðinni. Engu er líkara en stefna stjórnvalda sé sú að best sé að hún hverfi að mestu, ef ekki öllu.

Að sjálfsögðu hafa engir stjórn málaflokkar sagt þetta upphátt opinberlega. En verkin sýna merkin. Það er hinvegar öllu erfiðara á að átta sig á rökunum fyrir þeirri þróun sem lýsir sér ágætlega í þeim tveimur súluritum sem fylgja þessum skrifum.

Hér skal farið í stuttu máli yfir hvernig þetta hefur átt sér stað.

Árið 1990 var 1043 smábátum troðið inni stóra aflamarkskerfið. Tilgangurinn gat varla verið augljósari: strax í kjölfarið hófust gríðarleg uppkaup stórfyrirtækjanna á aflaheimildum þessara báta. Svo mikið var atið að á fyrstu 44 mánuðunum eftir lagabreytingarnar voru þau búin að háma í sig yfir 700 smábáta – sem í þokkabót voru flestir brenndir og grafnir til að þeir sæjust aldrei meir.

Sá sem þetta ritar er yfirleitt fullkomlega ónæmur fyrir samsæriskenningum. Eftir því sem árin líða finnast mér hinsvegar tímasetningar atburða stöðugt athyglisverðari. Svo merkilega sem það hljómar, þá vildi þannig til að meðan á þessari slátrun smábátaflotans stóð voru

aflaheimildir í þorski skornar niður í áður óþekkt lágmark.

Sá fáránleiki var þannig látinn viðgangast, að þessi niðurskurður kom harðast niður á ákveðnum hópum smábátaeigenda. Þess voru dæmi að stuttu síðar höfðu 73% veiðiheimildanna verið tættar af þeim. Og þetta var sá hluti fiskveiðiflotans sem átti ekki minnsta þátt í lélegu ástandi þorskstofnsins (ef það var þá lélegt yfirleitt) – eða neinu öðru sem í hafinu lifir.

Þessir aðilar, sem flestir treystu alfarið á þorskin, sáu sér því ekki annarra kosta völu en að selja. Þessi hluti smábátaflotans er svo gott sem horfinn. Einungis 10% eru eftir og það þarf ekki stjarnæðlisfræðing til að spá endanlegum örlögum þeirra.

Þetta plan stjórnvalda hlýtur að fara í kladdann þeirra sem fullkomlega heppnuð aðgerð. Hafi þau fengið bakþanka einhversstaðar í ferlinu, hafa þau líklega fengið svo heiftarlega í bakið að auki, að þau treystu sér ekki til að gera neitt í málinu.

Það er vert að rifja upp í þessu samhengi, að strax í upphafi kvótakerfisins, í febrúar 1984, var augljóst hvaða hug stjórnvöld – og LÍÚ (nú undir draugalaki sem á stendur SFS) – báru til smábátaflotans.

Það átti að drepa hann strax í upphafi: tæpir 900 smábátar áttu að veiða rúm 8 þúsund tonn af óslægðum þorski. Hvort sem það var viljandi eða óviljandi, hafði „gleyms“ að reikna inn í pottinn alla dekkbáta smábátaflotans. Eftir á að hyggja, þá voru þetta álíka vönduð vinnubrögð og að „gleyma“ því að reikna togara sem voru bláir á litinn.

Á vissum tímamarki í þessu ferli fóru af stað sögusagnir um að breyta ætti skilgreiningunni á smábát – þ.e. hækka hana úr 10 tonnum í 15 tonn. Landssamband smábátaeigenda lagðist alfarið gegn þessu og því var lofað í sjávarútvegsráðuneytinu að þessu yrði ekki breytt. Það var svikið og í kjölfar þess að krókaaflamarkið var innleitt upphófust kaup innan þessa nýja kerfis í miklum mæli. Síðara súluritið sem hér er birt sýnir þá þróun.



Högni Bergþórsson tæknilegur framkvæmdastjóri Trefja ehf fyrir framan nýsmíðar sem eru á leið úr landi

Stjórnvöldum fannst samt ekki nóg að gert – smábátarnir ennþá óþolandi margir. Árið 2013 var stærð smábáta enn á ný skilgreind – þvert ofaní andstöðu LS og allra svæðisfélagana utan tveggja. Nú gæti smábátur verið 30 tonn eða 15 metrar.

Slíkir bátar eru allra góðra gjalda verðir og örugglega frábærir til síns brúks. En að skilgreina þá sem smábáta er gert í allt öðrum tilgangi en að „réttu af“ skilgreininguna á íslenskum smábát. Þetta eru litlir og öflugir vertíðarbátar. Hver einasti kjaftur veit þetta sem komið hefur nálægt útgerð á Íslandi.

Af framansögðu má ljóst vera að stjórnvöld hafa stefnu hvað varðar smábátaflotann. Hún er sú að beita öllum brögðum til að gera veg hans sem minnstan. Næsta skref þeirra hlýtur að vera að sameina krókaaflamarkið stóra aflamarkskerfinu. Þá er planið endanlega gengið upp.

Tveir þyrnar eru þó eftir. Annarsvegar grásleppuveiðarnar, sem enn hefur ekki verið troðið í kvótakerfi og hinsvegar strandveiðarnar, sem greinilega fara ósegjanlega í taugarnar á stjórnvöldum.

Svo vikið sé örfáum orðum að grásleppuveiðunum: alla tíð hafa þeir verið á stjálki sem vilja kvótasetja þær. Það eru ætíð þeir sem hafa veitt vel tímunn þar á undan og hafa í hyggju að selja

um leið og kvótasetningin hefur átt sér stað. Af þessari hegðan eru fordæmi, t.d. þegar sóknardagakerfið var afnumið.

Vandinn er hinsvegar öllu viðameiri hvað varðar strandveiðarnar. En stjórnvöld deyja ekki ráðalaus: strandveiðikerfið er útbúið þannig að í því geta menn hvorki lifað né dáið. Það er látið hanga á horriminni. Þetta er snjallt. Eftir ákveðinn tíma fara örugglega einhverjir innan kerfisins að kalla eftir kvótasetningu – með hefðbundnum rökum um hagkvæmni og öryggi.


Auk þess sem hér er framantalið hafa ótal atvik átt sér stað á sl. 30 árum sem öll hníga í sömu átt: að gera smábátaflotanum sem erfiðast fyrir – þrátt fyrir þá staðreynd að hann er sá útgerðarmáti sem hefur aldrei til neinna saka unnið hvað varðar ástand fiskistofna.

Stærsta spurningin sem hlýtur sá kvikna, sé þessi saga skoðuð, er þessi:

Er ekki eitthvað stórkostlegt að fiskveiðikerfi sem fækkar án afláts þeim einingum sem valda minnstri röskun á umhverfi hafsins og eyða minnstri orku til veiðanna?

Tölulegar staðreyndir

Fjöldi smábáta í aflamarki (stóra kerfinu)




Árið 1990 var 1043 smábátæigendum ýmist þröngvað inni „stóra aflamarkið“ eða þeim gefið um það „val“.

Eini aðilinn sem benti strax á hvaða afleiðingar þetta hefði var Landssamband smábátæigenda.

Enginn annar, þann rúma tvo og hálfu áratug sem þetta hefur viðgengist hefur þetta farið undrlega hljótt. Stjórnvöld hafa síst af öllum látið sig skipta hvaða afleiðingar þessi ákvörðun þeirra árið 1990 hefur haft.

Tölulegar staðreyndir

Fjöldi smábáta í krókaafلامarki



Sú grundvallarspurning sem hlýtur að kvikna í ljósi þessara upplýsinga er hvort stjórnvöld, sem lögleiddu þær ákvarðanir sem leiddu til þessarar þróunar, hafi í leiðinni, eða eftirá, krafist þess að fylgst yrði með því til hversu mikillar hagræðingar þær myndu leiða.

Við þessu er einfalt svar:

Eftirfylgni stjórnvalda var og er engin. Eina ályktunin sem hægt er að draga af þeirri staðreynd er sú að þeim hafi verið og sé slétt sama um hvaða afleiðingar gjörðir þeirra hafa.

Í þessu sambandi er athyglivert að skoða hvaða möguleikar eru innan smábátaútgerðarinnar til endurnýjunar. Það er ekkert nema gott um það að segja að til landsins streymi nýjrir hátæknivæddir togarar (sé framhjá því litið hver orkunotkun þeirra er og hvaða áhrif veiðarfæri þeirra hafa á umhverfið í hafinu), en hverjir eru möguleikar smábátaútgerðarinnar til nýsmíði?

Brimfaxi ákvað að ræða við Högna Bergþórsson, tæknilegan framkvæmdastjóra Trefja ehf. Fyrirtækið Trefjar var stofnað árið 1978 af Auðuni Óskarssyni, sem flestir þekkja sem Auðun í Trefjum.



Gildrueiðar við Skotland. Slíkur veiðiskapur hefur enn sem komið er ekki náð marktækri fótfestu á Íslandi

Trefjar hafa smíðað yfir 400 báta og sá sem er númer 406 stendur á gólfi verksmiðju fyrirtækisins í Hafnarfirði. Sá er hinsvegar á leiðinni til Frakklands.

Sp: Högni, er einhver endurnújun í íslenska smábátaflotanum?

Sv: „Undanfarin ár hefur eina endurnújunin verið í bátum sem eru uppundir þakinu sem skilgreinir krókaflamarkið, þ.e. 30 tonn. Við erum með 3 slíka í smíðum. Önnur bátasmíði hjá okkur, þar sem uppistaðan eru 10-12metra bátar, er alfarið fyrir erlendan markað. Þar eru Noregur og Frakkland öflugustu markaðirnar. En við höfum smíðað báta sem farið hafa vítt og breitt, til Argentínu, Afríku, Miðjarðarhafsins og til mið austurlanda, svo eitthvað sé nefnt. Það er óhætt að segja að tilvist fyrirtækisins byggist orðið á því að smíða fyrir erlendan markað. Í augnablikinu er þó hátt gengi krónunnar að gera okkur erfitt fyrir.“

Sp: Hvað með nýsmíði inni strandveiðikerfið?

Sv: „Frá því það var sett á laggirnar 2009 höfum við smíðað tvo báta inni strandveiðikerfið. Í báðum tilfellum var þar um að ræða aðila sem vissu mætavel fyrirfram að þeim myndi aldrei takast að afla tekna innan þess kerfis fyrir bátunum. Þeir áttu einfaldlega fyrir þeim og vildu eiga þann möguleika að sækja sjó með þeim formerkjum sem strandveiðikerfið er byggt á.“

Sp: Hvað með viðhald báta?


Sv: „Vissulega er eitthvað af slíkum verkefnum. Þar er fyrst og fremst um að ræða báta sem eru 15-30 tonninn. Hér á gólfinu stendur t.d. ein fræg aflakló í slíku verkefni.“

Sp: Trefjar hófu feril sinn með smíði Skelbátanna sem til eru enn þann dag í dag í talsverðu mæli. Er slík smíði og viðhald enn til staðar?

Sv: „Slíkir bátar sjást afarsjaldan núorðið. Við höfum ekki smíðað Skelbáta og áratuga skeið og í flestum tilvikum hafa eigendur þeirra þeirra haldið þeim við sjálfir. Því litið um að við komum

Tölulegar staðreyndir

Fjöldi smábáta í aflamarki
(stóra kerfinu)




Árið 1990 var 1043 smábátæigendum ýmist þröngvað inni „stóra aflamarkið“ eða þeim gefið um það „val“.

Eini aðilinn sem benti strax á hvaða afleiðingar þetta hefði var Landssamband smábátæigenda. Enginn annar. Þann rúma tvo og hálfa áratug

sem þetta hefur viðgengist hefur verið undrlega hljótt um þetta. Stjórnvöld hafa síst af öllum látið sig skipta hvaða afleiðingar þessi ákvörðun þeirra árið 1990 hefur haft.

Tölulegar staðreyndir

Fjöldi smábáta í krókaflamarki



Sú grundvallarspurning sem hlýtur að kvikna í ljósi þessara upplýsinga er hvort stjórnvöld, sem lögleiddu þær ákvarðanir sem leiddu til þessarar þróunar, hafi í leiðinni, eða eftir, krafist þess að fylgst yrði með því til hversu

mikillar hagræðingar þær myndu leiða. Gröfin hér á opnuninni eru þau sömu og í greininni um þessi mál.

að viðhaldi þeirra. Tíðarandinn hefur auðvitað breyst og burðargeta nýrri bátana meiri og því afar ólíklegt að slík smíði muni hefjast á nýjan leik.“

Sp: Hver er þín skoðun varðandi strandveiðikerfið? Er ásættanlegt að þar geti engin endurnújun átt sér stað og viðhaldinu eingöngu sinnt af eigendunum sjálfum?

Sv: „Auðvitað er það miður að ekki sé hægt að standa undir fjárfestingu nýrra báta í kerfinu. Það að engin heilbrigð endurnújun geti átt sér stað mun leiða til þess að kerfið gengur ekki upp eins og það er.“

Það er með ólíkindum að íslensk smábátasmiðja þurfi orðið alvarlið að byggja tilveru sína á útflutningi. Útflutningurinn sem slíkur er frábær, en í heilbrigðu umhverfi ætti hann að vera viðbót en ekki meginstoð. Stjórnvöld hafa hinsvegar búið svona um hnútana.

Að lokum er nauðsynlegt að skoða annað mál sem er nátengt sjávarútveginum.

Svo er komið í umræðunni um íslenska kvótakerfið að þeir sem voga sér að gagnrýna það eru settir í sama flokk og þeir sem leyfa sér að spyrja spurninga varðandi loftlagsbreytingakenningar. Það er búið að teflonhúða „sannleikann“ um hversu stórkostlega heppnir Íslendingar voru að taka upp kvótakerfið og hvílíkt glapræði það væri að hrófla við því.

Um heiminn ferðast látlaust íslenskir próffessorar með boðskapinn og eðlilega leggja fáfróð og fróðleiksfús yfirvöld (um fiskveiðistjórnun) við hlustir og ganga svo jafnvel alla leið og innleiða dýrðina í lög.

Á sama tíma og þetta er staðreynd stendur heimurinn á haus vegna umhverfismála. Gerðir eru alþjóðlegir samningar með flugeldasýningum (síðast í París, desember 2015) um hversu áriðandi það er að grípa nú þegar til ráðstafana svo heimurinn farist ekki.

Upp á litla Íslandi gerðist það hinn 5. maí s.l. að 6 ráðherrar í ríkisstjórninni ákváðu að leggja sitt af mörkum til að bjarga því sem bjargað yrði. Á vef Umhverfis- og auðlindaráðuneytis er að

FRÍÐRIK A. JÓNSSON ehf.

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir á sjómannaþinginn.

ICOM
Talitölvur, heyrnaskjól og hljóðnemar fyrir land, sjó og flug.
Góður aflestrarskjár.
Sveiningsstakki fyrir stefnubreytingar og fleiri aðgerðir.

SIMRAD
AP 44 sjálfstýring.
Sambætt útsjárvi NFB0, Q580 og FU80.

SIMRAD
Dýptarmælir og Ratsjár.
Chirp, fjölbílisveifla. Ólduhoðarísóbréttling. Góð litastýring aðveidar aðgreiningu.
G3, G4, Halo og HD ratsjár. Einföld ratsjárstýring.
Hraðvalstakkar. Innföldur eða standardi. 9" eða 16" Skjár.

Olex
Þrívíddar sjókortaplotter með AIS- og botnhórkupplýsingum.

VINGTOR STENTOFON
Kalkiferi, sinkiferi og neybarkerfi fyrir skip.

SIMRAD
NSS fjölnotatæki m. SolarMAX skjá.
Kortaplotter. Dýptarmælir. Ratsjárskjár. Vélansupplýsingar. Myndavélskjár.
Sjálftýring. WiFi og Bluetooth. Þrívíddarskjár. Svartiskjár og hljóðstakkar.
7", 9", 12" og 16"

Fríðrik A. Jónsson ehf
Míðhrauni 13 - 210 Garðabæ
S: 552 2111 - www.faj.is

Siglinga, fiskileitar og rafeindatæki

SKOÐUM SKIPUM LAND ALLT



ÞÍNIR MENN Í SKIPASKOÐUN -áratuga reynsla

Stefán Hans Stephensen	s. 8608378	stefans@frumherji.is
Axel Axelsson	s. 8608379	axela@frumherji.is
Einar Hilmarsson.....	s. 8651490	einarjh@frumherji.is
Guðmundur Hanning Kristinsson	s. 8608377	hanning@frumherji.is
Guðgeir Svavarsson	s. 8953102	gudgeirs@frumherji.is
Guðmundur G. Guðmundsson	s. 8953103	gudmundurg@frumherji.is



Frumherji
Skipaskoðunarvið

finna 303 orða yfirlýsingu þess efnis, en þar sem lesendur eru trúlega ekki til í að lesa hana alla í gegn er hér tekið bessaleyfi og hún stytt niður í 105 orð en efnislega (megnið af orðagjálfrinu tekið út) er hún óstytt:

„Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands skrifuðu í dag undir samstarfsyfirlýsingu um gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum sem liggja skal fyrir í lok ársins. Markmið .. að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar skv. Parísarsamningnum til 2030 með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu koldíoxíðs:

„Til að Ísland nái að standast...markmið Parísarsamningsins er ljóst að samfélagið allt þarf að taka þátt... tryggja langtímasýn og -árangur í minni auðlindasóun og uppbyggingu og þróun lágkolefnishagkerfis. Það kallar á samstillt átak og samvinnu stjórnvalda og atvinnulífs, félagasamtaka og ... almennings. Því ætlar ríkisstjórnin að hringa af stað gerð nýrrar aðgerðaáætlunar til að draga úr losun og auka kolefnisbindingu.

„Leitað verður allra hagkvæmra leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.“

Um þessa yfirlýsingu er hér farið mildum höndum. Hana mætti stytta mun meir.

Í stefnuyfirlýsingunni sjálfri, sem er 35 bls sem nánast enginn nennir að lesa er að finna eftirfarandi:

Markvisst verður stuðlað að samdrætti í notkun jarðefnaeldsneytis... "

Sá grunur kviknar að orðið markvisst hafi hér álíka teygjanlega þýðingu og orðið „strax“ fékk fyrir stuttu síðan hjá ónafngreindri fyrrverandi þingkonu.

Staðreyndin er sú að hvergi er vikið einu einasta orði að í fiskveiðunum er gullið tækifæri fólgið í því að heimila smábátaflotanum mun

meiri veiðar til að fullnægja þessu markmiði. Það er löngu vitað að eldsneytisnotun þeirra er margfalt minni en annarra útgerða. Það er líka löngu vitað að umhverfisrask þeirra veiðarfæra sem smábátarnir nota er aðeins brot af því sem gerist og gengur með hin stóru og þungu dragveiðarfæri stórskipaflotans.

Ef hin minnsta meining væri á bak við hinar stóryrtu yfirlýsingar ráðamanna hefðu þessi atriði að sjálfsögðu verið tíunduð. Á þetta er hinsvegar ekki minnst einu orði.

Hver gæti ástæðan verið? Eru „umhverfismálin“ þegar til kastanna kemur varðandi sjávarútveginum kannski svo léttvæg í huga stjórnvalda að framangreind atriði eru ekki þess verð að minnast á þau? Eða getur það verið að stjórnámálamennina skorti í þessum efnum kjark til að standa uppi hárinu á stórútgerðinni?

Hver sem ástæðan er þarf engan speking til að sjá fyrir að smábátaútgerðin liggur hér óbætt hjá garði. Stjórnvöld sem láta sig hafa það að semja stóryrtar yfirlýsingar varðandi umhverfisáhrif fiskveiða, en láta hjá líðast að að minnast á þessar staðreyndir meina ekkert af því sem þau segja.

Þetta sést best á því sem rakið er að framan í þessari grein. Á sama tíma og samdir eru hástemmdir textar um mikilvægi umhverfismála standa hin sömu stjórnvöld fyrir kerfi sem markvisst er að útrýma þeim útgerðarþætti sem kemur langsterkast út í öllum þáttum þeirra mála.

Þetta er óþolandi tvískinnungur. Fer ekki að renna upp sá tími að ráðamenn verði samkvæmir sjálfum sér?

Arthur Bogason



Sjómenn!

Til hamingju með daginn

Starfsfólk Ísfells óskar öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með Sjómannadaginn.



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is



Hvaladans á Faxaflóa

Togara­rallið, sjálfshólið og spurningin sem var ekki borin upp

Hér í Brimfaxa hefur margsinnis verið fjallað um togara­rall Hafrannsóknastofnunar. Það hefur, eins og þeim sem fylgst hafa með er kunnugt, fengið hreina og klára falleinkun.

Hér skal ekki eytt löngu máli í þetta furðulega fyrirbæri sem togara­rallið er, en reynt, með nýstárlegum hætti að vekja til umhugsunar hversu aum umfjöllun fjölmiðla er í þessu sambandi.

Það er nóturleg staðreynd að fréttamenn stóru fjölmiðlana virðast hafa sífellt minni áhuga eða afla sér sífellt minni þekkingar á þeim málefnum sem lúta að grundvallaratriðum varðandi sjávarútveginn og rannsóknum sem stundaðar eru á þeim vettvangi.

Að loknu síðasta togara­ralli blés Hafró í herlúðra til að dásama hinn stórkostlega árangur sem kvótakerfið (og ráðgjöf stofnunarinnar að sjálfsögðu) hefði skilað í uppbyggingu þorsstofnsins.


Í fréttatíma RÚV birtist viðtal við fjallbrattan fiskifræðing, Hreiðar Þór Valtýsson, staddan á Akureyri. Þar sagði hann m.a. að fiskifræðingar vildu hafa meira af 10 ára þorskum í sjónum en 5 ára, vegna þess að þeir eldri væru svo miku betri til undaneldis.

Þetta markmið hefði nú náðst. Engu að síður er ekkert útlit fyrir að auka beri veiðiheimildir. Ástæðan: það væri svo léleg endurnújun í stofninum!

Fréttamaðurinn spurði einkis.

Spurningin sem Hreiðar Þór Valtýsson og sérfræðingar Hafró þurfa að svara er þessi:

Hvers vegna er léleg nýliðun í stofninum þrátt fyrir að búið sé að halda á fæti til nokkurra ára stórum og gömlum þorski, sem samkvæmt kenningum þeirra sjálfa eru bestur til viðhalds stofninum?



FRANZINI • 06 • 12123



VEL BÚINN MANNSKAPUR VINNUR BETUR

Elka vinnu- og hlífðarfatnaður er lipur og þægilegur og tryggir góðan hreyfanleika. Vertu viss um að velja rétta fatnaðinn fyrir starfsfólkið þitt.

Sölu ráðgjafar Olís svara fyrirspurnum í síma 515 1100 og á pontun@olis.is.
Sendum hvert á land sem er.





Magnús Jónsson, strandveiðimaður og veðurfræðingur

Björgunarbúnaður – áhætta og eftirlit

Miklar framfarir hafa orðið á síðustu áratugum í öryggismálum sjómanna. Kemur þar margt til eins og breytt hugarfar sjómanna, stórbættur björgunarbúnaður um borð, sívöktun á ferðum skipa af Vaktstöð siglinga, öflug Landhelgisgæsla, öruggari bátar og skip, breytt sóknarmynstur í fiskveiðum og ekki síst bylting í gæðum veðurspáa. Fækkun sjóslysa er auðvitað mikið fagnaðarefni enda voru sjóslys tíð og mannskæð fyrir ekki svo löngu síðan. Ekki var óvenjulegt að 20-30 menn færust árlega á sjó fyrir 50 árum eða svo og á fyrstu áratugum 20. aldar fórust að jafnaði um 70 sjómenn á ári hér við land. En nú er sem betur fer öldin önnur og m.a.s. höfum við fengið ár þar sem enginn sjómaður hefur farist við störf sín.

Margs konar lög og reglur hafa verið settar um öryggi, öryggisbúnað og öryggiseftirlit. Jafn nauðsynlegt og slíkt eftirlit er verður það að byggjast á faglegum og vel rökstuddum forsendum. Er það skoðun mín að slíku sé ekki alltaf til að dreifa og að úmsir aðrir hagsmunir en öryggishagsmunir séu farnir að ráða för. Skoðunar- og eftirlitsiðnaðurinn hefur nefnilega tilhneigingu til að sækjast eftir eigin rekstraröryggi og sjálfbærni eins og svo margt annað í samfélagi okkar.

Eitt af því sem hefur færst í vöxt á liðnum áratugum er svokölluð áhættugreining og áhættumat. Getur slíkt tekið til öryggismála þar sem mannlíf, veraldlegar eignir, samfélagslegir innviðir, umhverfi o.fl. þættir eru greindir og áhættumetnir. Gott dæmi um slíkt er að tryggingarfélög hafa lengið notast við slíkar

aðferðir við mat á áhættu til að ákveða iðgjöld, bætur og fyrirbyggjandi aðgerðir. Þá var farin álíka leið í kjölfar snjóflóðanna miklu hér á landi árið 1995 þegar lög voru sett um að meta skyldi hættu að völdum snjóflóða þar sem áherslan var á verja mannlíf á heimilum og vinnustöðum í þéttbýli. Settar voru viðmiðunarreglur um svokallaða ásættanlega áhættu eða áhættuviðmið og í framhaldi af því ráðist í viðamiklar rannsóknir og margs konar aðgerðir til að koma aðstæðum á svæðum þar sem ofanflóðahætta var til staðar í það horf að vel skilgreind öryggisviðmið væru uppfyllt.

Þar sem ég var bæði beinn og óbeinn þátttakandi í flestu sem gert var á sviði ofanflóðamála á árunum 1995 til 2008 hefur mér oft orðið hugsað hvort ekki mætti beita svipaðri hugmyndafræði þegar um öryggi á sjó er að ræða. Raunar tel ég að slíka nálgun mætti nota miklu víðar en gert er, t.d. þegar margs konar öryggisstaðlar eru ákvarðaðir í tengslum frágang á húsnæði og öðrum mannvirkjum. Vísi að slíkri nálgun má vissulega finna í sambandi við bifreiðaskoðun þar sem öryggisbúnaður nýrra bíla er ekki talinn þurfa endurskoðunar við fyrr en eftir fjögur ár, sem síðan þéttist í árlega skoðun við eldri bíla. Ákvörðun um slíkt fyrirkomulag hlýtur að hafa verið tekin á grundvelli einhverra rannsókna þar sem tæknipróun, tölfræði, líkur og reynsla hefur verið tekin með í reikninginn.

Fyrir fimm árum keypti ég nýjan plastbát og var hann auðvitað skoðaður og mældur hátt og lágt áður en hann fékk í upphafi haffærisskírteini eins og lög gera ráð fyrir. Allt var nýtt um borð m.a. björgunarbátur, slökkvitæki, sjúkrakassi, björgunargallar, talstöð og allur annar öryggisbúnaður. En níu mánuðum síðar og síðan á hverju ári hefur þurft að fara með flesta þessara hluta í land til skoðunar og/eða endurnýjunar. Hefur mér þótt þetta undarlegt enda hef ég engin rök ennþá fengið fyrir því að þetta sé allt saman nauðsynlegt. Í ljósi allra tækniframfara og endurbóta á flestum gerðum búnaðar, t.d. í heimilistækjum og ökutækjum er umhugsunarvert að þessi öryggisbúnaður eða yfirferð á honum endist ekki lengur en í hæsta lagi 12 mánuði. Virðist þar engu breyta hvort um gamlan eða nýlegan búnað er að ræða eða

hvort hann er notaður allt árið eða nokkra mánuði eða jafnvel daga hvers árs. Ég hef spurst fyrir um tölfræðileg gögn og einhverjar rannsóknir á bak við endingarmælingu á björgunarbúnaði, slökkvitækjum, sjúkrakassa o.fl. en fátt hefur verið um svör. Þá hef ég sett fram þá spurningu hvort og hversu oft hafi komið fyrir hér við land eða annars staðar að björgunarbúnaður hafi ekki virkað vegna ónógrar skoðunar eða eftirlits eða hvort slys megi rekja til skorts á skoðun slíks búnaðar. Meðan engin gögn liggja fyrir um þessi atriði verður að álykta sem svo að það sé annars vegar framleiðandinn og hins vegar eftirlitsaðilinn sem ákveði út frá eigin hagsmunum og forsendum hvað skuli skoðað og hvernig og hversu oft skuli skoða öryggisbúnað sem er um borð og semji síðan reglur um sískoðun sem eitthvert stjórnvald staðfestir út frá forsendum sem ekki virðist til faglegur eða hlutlaus rökstuðningur fyrir.

Líklegt er að skoðunar- og eftirlitskostnaður bara á smábátaflotanum hlaupi á hundruðum milljóna árlega. Það er því umtalsvert hagsmunamál fyrir smábátaflotann að hér sé ekki verið að gera þessi skoðunar- og eftirlitsmál að fépúfu og að víst sé að þessar tíðu skoðanir séu í reynd að auka öryggi sjómanna. Hafa verður í huga að lítil sem engin samkeppni er í skoðunargeiranum og þar með hafa þau fyrirtæki sem þessum verkefnum sinna nánast einokun á þessum markaði.

Enginn og allra síst ég vil gera neitt sem dregur úr öryggi sjómanna við störf sín. Hins vegar þurfa þessi mál að vera í stöðugri endurskoðun í ljósi framfara og breyttra aðstæðna. Hér er lögð fram tillaga um að Landssamband smábátaeiganda beiti sér fyrir að fram fari úttekt á þessum málum og eftir atvikum leiti eftir samstarfi við hlutlausa aðila um hvort ekki megi beita aðferðum áhættugreiningar og skilgreindra öryggisviðmiða við að ákvarða hvernig skuli staðið að skoðun og öryggiseftirliti með smábátum hér á landi.

Magnús Jónsson



Forsetar WFF: Cairo Laguna frá Nicaragua og Editrudith Lukanga frá Kenya

Aðalfundur WFF

Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkaf 2017

Dagana 25.-29. janúar s.l. var haldinn fimmti aðalfundur Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkafólks (WFF – World Forum of Fish Harvesters and Fish Workers) í strandbænum Salinas í Ecuador.

Fundurinn markaði þau tímamót að 20 ár eru liðin frá því samtökin voru stofnuð í Nýju-Delhi á Indlandi, hinn 21. nóvember 1997.

Landssamband smábátæigenda (LS) átti drjúgan þátt í stofnun samtakanna. Í Salinas kom í ljós að eini aðilinn sem hafði mætt til stofnfundarins 1997 og var jafnframt þátttakandi í Salinas, 20 árum síðar, var fulltrúi LS. Ástæðurnar eru úmsar; margir hafa fallið frá, nýjir kosnir, nýjir meðlimir og einhverjir hætt.

Fundurinn tókst með ágætum. Um 30 þjóðir af 40 sem eru meðlimir, mættu til leiks en að venju sátu nokkrar heima vegna vandræða vegna vegabréfsáritana. Þetta er orðinn hefðbundinn þáttur: fólk kemst hálf leið en þá finna einhverjir toll- eða landamæraverðir tæknileg vandkvæði á því að hleypa viðkomandi lengra.

Samtök smábátæigenda og fiskimanna í Ecuador höfðu veg og vanda af fundinum og tókst að afla stuðnings stjórnvalda, fjárhagslega og hvað varðaði skipulagningu dagskrárliða utan fundarins og húsaþykni fyrir fundinn sjálfan.

Venjan er sú að þjóða sem flestum fulltrúum fiskimanna frá því heimalandi sem fundurinn er haldinn í til samkomunnar. Þetta þýddi að u.þ.b. 60-70 manns sátu hann alla dagana.

Það vakti óneitanlega athygli, sérstaklega okkar héðan úr norðrinu, að móttökuathöfnin, sem skipulögð var af stjórnvöldum í Ekvador, fór fram á harðgirtu athafnasvæði hersins niður við ströndina. Fiskimenn eru að jafnaði manna friðsamastir, en athöfnin einkenndist af sýningu

á byssuleikni sjóliða og hæfni þeirra til að ganga í takt. Allt fór þó þrúðmannlega fram og enginn lá í valnum eftir heiðursskot og hermannamars.

Hinn formlegi fundur hófst síðan eftir hádegi sama dag.

Eðli máls samkvæmt var fjölmargt á dagskrá. Alþjóðleg samtök á borð við WFF fá á borð til sín ótal viðfangsefni. Undanfarnir ár hefur helsta verkefnið verið að vinna með FAO (Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna) að reglum um sjálfbærar veiðar smábátáutgerðar á heimsvísu. Því verkefni er lokið í bili, en fjölmörg önnur verkefni eru á borðinu sem miða að því að efla málstað þeirra sem stunda smábátaveiðar. Þá hafa samtökin verið mjög virk í því að efla og vekja athygli á hlutverki kvenna í fiskveiðum. Framkvæmdastjóri samtakanna, Margaret Nagato frá Uganda hefur unnið til virtra alþjóðlegra verðlauna á því sviði og lætur hvergi deigan síga.

Þeir sem vilja kynna sér starf WFF nánar er bent á heimasíðu samtakanna: worldfisherforum.org

Í lok fundarinnar var eftirfarandi yfirlýsing samþykkt:

„Aðalfundur Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkafólks (WFF), haldinn dagana 25.-29. janúar 2017 í borginni Salinas í Ekvador, samþykkti eftirfarandi yfirlýsingu til ríkisstjórna og alþjóðastofnana heimsins:

Fiskimenn og fiskverkafólk í smábátaveiðum heimsins gegna mjög mikilvægu hlutverki í fæðuöryggi og lífsafkomu gríðarlegs fjölda fólks sem nýtir á sjálfbæran hinar lifandi auðlindir hafins og skapar með því atvinnu og aflar dýrmæts gjaldeyris. Því er mikilvægt að ríkisstjórnir heims innleiði stefnu sem tryggir framtíð smábátaveiðimanna og fiskverkafólks á sviði efnahags- og félagsmála.

Fiskimenn og verkafólk í smábátaveiðum telja mikilvægt að þeir séu fræddir um hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga og að virkjaðar verði mótvægisáðgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum á þá stofna sjávardýra sem lifa við strendurnar.



Setningarathöfn WFF um 400 manns var við setningu fundarinnar

Alþjóðasamtök strandveiðimanna og fiskverkafólks skora á Sameinuðu þjóðirnar, FAO, ríkisstjórnir heims og félagasamtök að virða og efla viðmiðunarreglur FAO sem miða að því að tryggja sjálfbærar smábátaveiðar og vinna að eflingu atvinnu- og félagslífs í sjávarþorpum heimsins“.

Ferðin

Í umfjöllun um ráðstefnur og stóra fundi er auðvelt að týna sér í upptalningu á því sem tekið var fyrir og fjallað um. Mig hefur hinsvegar oft langað til að skrifa um þessi ferðalög frá minni hlið, burtséð frá formsatriðum og herlegheitum.

Ég varð oft var við það meðan ég gegndi formennsku LS að einhverjir töldu mig vera í þægilegum ferðalögum um heiminn og í hálfgerðu fríi á kostnað félagsmanna. Sannleikurinn er sá að þessar ferðir voru oftast - nánast alltaf, erfiðar vegna þess að gestgjafarnir urðu að spara í drep til að koma fólki á staðinn með eins litlum tilkostnaði og mögulegt væri. Þannig var það iðulega að gist var í kapólskum klaustrum eða gistiheimilum með lágmarks þægindi – svo ekki sé fastar að orði kveðið. Eftir því sem tíminn líður færast meiri sjarmi yfir þetta. En ég upplifði hann síður en svo jafnóðum.

Í þetta skipti ætla ég að láta það eftir mér að skrifa eigin ferðasögu frá því ég lagði af stað frá Íslandi til Ekvador á aðalfund Alþjóðasamtaka strandveiðimanna 2017. Sjálfsagt finnst einhverjum lesendum Brimfaxes að með þessu sé verið að eyða dýrmætu plássi í raus um lítilsgilda hluti, sem mætti að að öðrum kosti taka undir harðskeyttar yfirlýsingar og áskoranir á ríkisstjórn og Alþingi. Það verður að hafa það. Lífið er ekki bara leiðindi.

Ferðin


Aðfaranótt 23. janúar s.l. var ég andvaka. Að venju hnoðaði ég ofaní tösku löngu eftir miðnætti, skyrtum, buxum og brókum ásamt nokkrum hálf- eða ólesnum bókum.

Ég glími enn við þann fjanda að vera flughræddur. Um nokkurra ára skeið var ég nokkurnvegin laus við þessa skelfingu, en svo urðu atvik til þess að hún hóf að ásækja mig á ný. Kannski horfi ég líka of mikið á Air Crash Investigation. Miðinn var bókaður á skrifstofu í Róm og þar var gert ráð fyrir að ég gisti eina nótt í Amsterdam.

Talsverð seinkun varð á brottför frá Keflavík, sem ég sannfærði sjálfan mig um að væri vegna þess að þotan væri drusla sem keypt hefði verið á öskuhaugum. Vont fyrir flughræddan. Flugið til Amsterdam gekk hinsvegar eins og best varð á kosið. Ég snapaði upp töskuna mína og hélt áleiðis í lest niður í miðbæinn.

Nokkrum dögum fyrir brottför fann ég hótélherbergi niður við Dam torgið á 57 Evrur. Lýsingin á staðsetningunni var þannig að ég, hundvanur Amsterdammaðurinn lá kylliflatur. Ég þrammaði úr lestinni niður á Kalverstraat sem liggur samhliða aðal göngugötunni niður á Dam en áttaði mig skyndilega á því að ég átti að fara til vinstri – en ekki hægri. Þeir sem þekkja Amsterdam vita að til vinstri frá lestarstöðinni þýðir í áttina að Rauða hverfinu. Hótelíð fann ég og elskulegur drengurinn í móttökunni rétti mér lykil að langminnsta hótélherbergi sem ég hef nokkru sinni séð. Ferðataskan og ég rétt sluppum inn fyrir dyrnar.

Ég smokraði mér út um kvöldið til að finna eitthvað að í svanginn. Melludólgar, mellur og dópsalar voru við hvert fótmál. Ég fann mér



Umbúðamiðlun ehf

s: 555 6677

umb.is

Óskum sjómönnum til hamingju með daginn



PS5002 VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli



VIKING PU Húðaður Nylon Flotgalli

Fjölpátta flotgalli með tvöfaldri einangrun sem hentar vel við íslenskar aðstæður. VIKING PS5002 uppfyllir allar kröfur sem gerðar eru til staðals og meira til. Flotgallinn er með innbyggt flot í baki sem gerir það að verkum að þú getur notað hann án björgunarvestis, það getur skipt sköpum við neyðaraðstæður!

- Flotgallinn er samþykktur af SOLAS og Siglingastofnun Íslands
- Flot innbyggt í baki
- Marglaga einangrun
- Stillingaról fyrir misjafnar stærðir
- Losanlegir hanskar auðvelda þér að fara í gallan
- Hífilína, félagalína ásamt neyðarljósi
- Fáanlegur í lofþéttum umbúðum
- Stærð: 140-200 cm
Yfirstærð: 190-210 cm

**Má nota án
björgunarvestis**



kínverskan matsölustað skammt frá og braut mér síðan leið í gegnum mellu- og dópherinn á hótelið. Ég sagði við sjálfan mig þegar ég var lagstur uppí, með hausinn í norðurvegginn og fæturna hálfu uppá veggnum andspænis: „þú ert orðinn of gamall fyrir þetta!“.

Ég svaf lítið sem ekkert. Snemma um morguninn stimplaði ég út og ákvað að athuga hvort vinur minn í einni af þvergötunum milli Kalverstraat og Rokín (aðal göngugötunnar) væri með opið. Sá framreiðir þær bestu síldar „pýlsur“ sem hægt er að fá í gjörvöllu Hollandi - og þar með heiminum. Vinurinn klikkaði ekki. En hann er hættur að reykja. Vanalega, hér áður fyrr, hékk sígarettan útúr vinstra munnvikinu með kengboginni ösku og það var sama hvernig hann kjaftaði, aldrei datt hún af. Þetta er mér enn þann dag í dag fullkomlega hulin ráðgáta.

Við ræddum pólitíkina, fiskeríð, veðrið, Trump og Brexit. Alveg þangað til að ég vaknaði upp við vandan draum. Ég gerði ekki betur en að ná vélinni til Panama.

Flugið tók 10,5 klukkutíma. Nú var ég þakklátur fyrir að hafa sofið illa í kútaskápnum í Rauða hverfinu og vera að auki þakksaddur eftir að hafa étið drjúgan hluta síldarstofnsins úr Norðursjó. Það rann á mig mók sem entist langleiðina.

Það rann úmísligt í gegnum kollinn á mér þegar vélin lenti í Panama. Myndi ég rekast á kunnugleg andlit á flugvellinum? Ekki aldeilis, til allrar hamingju, því ég var hreint ekki viss hvernig ég myndi bregðast við.

Hinsvegar var ég kominn í alvarlega þörf fyrir reyk eftir þetta langa flug. Því gekk ég að einum fluvallarstarfsmanni og spurði hvort reykklefar væru til staðar. Sá hinn sami ypti öxlum og sagði: „you can smoke here“. Ég starði á hann í forundran gekk svo til hliðar og kveikti mér í. Hann gaf mér létt vink og bros. Mér leið eins og ég væri orðinn partur af Panama svindlaragenginu.

Síðasti áfanginn var frá Panama til borgarinnar Guayaquil í Ecuador. Ég hafði nokkrum dögum fyrr „googlað“ þessa borg til þess eins að

komast að því að allar umsagnir um hana voru á einn veg: óáhugaverðasta borg á jarðríki. Ekkert um að vera. Því miður verð ég að staðfesta það. Ekkert vakti áhuga. Endalausar raðir af óáhugaverðum byggingum í bland við enn óáhugaverðari byggingar.

Morguninn eftir var haldinn stjórnarfundur WFF í stórrí byggingu nálægt hótelinu. Hann hófst snemma morguns og stóð fram á kvöld. Ekki boðið uppá neitt, ekki einu sinni vatn. Ég var sá eini sem kvartaði og fékk greitt í augngotum. Semsagt: ég átti að vera þakklátur fyrir ekkert.

Okkur var svo keyrt uppá hótél og ég fann pylsubar rétt hjá.

Guayaquil: aldrei aftur!

Af tveggja áratuga reynslu þessara fundarhalda taldi ég víst hvað biði mín og félaganna. Það klikkaði ekki. Morguninn eftir tróðu sér upp að inngangi hótelsins tvær litlar rútur, í ásigkomulagi farartækja sem fara daglega í Hringrás héraðs.

Ferðin til Salinas hófst. Salinas er ferðamannabær á ströndinni og samkvæmt lýsingum hálfgerð Paradís. Einmitt.

Eftir tafsama för útúr Guayaquil tók við furðu beinn en ekki að sama skapi breiður vegur þangað niðureftir. Mér varð fljótlega ljóst að bílstjórinn kunni aðeins tvennt varðandi eldsneytisinnngjöf og bremsur: í rauða botni eða báðar fætur á bremsum. Ég er að jafnaði ekki bílhæddur, en nú læddist sú tilfinning að mér. Eftir u.þ.b. klukkustundar brjálæðisakstur stundi einhver upp þeirri ósk að komast á salerni.

Sem ég skrifa þetta skil ég ekkert í því hvers vegna stærstur hluti þeirra sem var í rútunni var ekki þá þegar búinn að létta á sér, hvort sem um var að ræða 1 eða 2. Klikkhausinn undir stýri sveigði hinsvegar inná bensínstöð og lagði rútunni undir ljósastaur þar fyrir utan. Á var skolið svartu myrkur.

Á þessum tímamarki þakkaði ég fyrir að vera enn hérna megin grænu torfunnar. Ég rölti útúr rútunni og gekk í áttina að afturhluta hennar sem var undir ljósastaurnum. Uppi í



Stjórnvöld í Ecuador höfðu veg og vanda að setningarathöfninni. Lúðrasveit hersins spilaði þar stórt hlutverk

Ljósakúplinum var þvílíkur djöflagangur að ég heillaðist. Risastór fiðrildi og tommu langar flugur fylltu loftið. Mér varð litið niður og sá að undir staurum var stærðar olúpollur. Nema hvað hann var þakinn stórum aflöngum baunum sem ég kunni ekki deili á. Ég kraup til að skoða þetta betur og komst snarlega að því að „baunirnar“ voru hlussu stórar flugur, fastar í olíunni. Á þeirri stundu varð mér og ljóst að einungis lítill hluti var fastur í olúpollinum og áhugi þeirra beindist skyndilega að mér og þeim sem í kringum mig voru. Við tókum til fótanna inni rúttuna með sverminn á eftir okkur og bílstjórinn vissi greinilega hvað var í gangi. Um leið og sá síðasti var kominn inn fyrir dyrnar gaf hann druslunni í botn og út á þjóðveginn. Það breytti því ekki að nokkur hundruð riastórar flugur voru nú inni rúttunni og flugu á allt sem fyrir varð. Til allrar hamingju var eins farið með þeim og flestum fljúgandi skordýrum í lokuðu rými – þær settust og hreyfðu sig lítt eftir það.

Eftir sama glæfraaksturinn og áður keyrðum við loks inn í strandbæinn Salinas. Það fyrsta sem tók á móti okkur var risavaxin olíuhreinsistöð sem vakti með mér vangaveltur um aðkomu ferðamanna á Íslandi við Hafnarfjörðinn. Við

siluðumst síðan niður í bæinn og eftir nokkrar vegvillur fannst hótelið.

Ég hef ferðast í meira en 20 ár vegna Alþjóðasamtakanna og því úmsu vanur. Hótelið kom mér því algerlega á óvart: hreint og rúmgott einkaherbergi með útsýni yfir innkeyrslu og einni sjónvarpsrás með látlausri útsendingu frá upphafi alheimsins og bara tveir meðalstórir kakkalakkar (sem ég drap samstundis). Í herberginu var loftkæling, en hávaðinn í henni var svipaður því og að 500 hestafla hljóðkútlaus amerískur díseltrúkkur stæði í gangi inni í herberginu. Hún fór því ekki aftur í gang meðan á dvöl minni stóð.

Salinas er eins og spænskur ferðamannastaður, eftir að hafa elst í fjóra áratugi án viðhalds. Byggingarnar við ströndina muna sinn fífil feegurri og þar er auðveldara að finna snjókörn í helvíti en góðan kaffibolla eða almennilegan morgunverð. Ótrúlegt í ljósi þess að Ekvador er eitt helsta kaffiframleiðsluríki heims. Þeir flíka því síður en svo heima fyrir. Ég og Pierre, kanadískur vinur minn fundum engu að síður agnarsmátt hótél stutt uppaf ströndinni þar sem skorsk/írsk gullfalleg kona, u.þ.b. um fertugt, framreiddi himneska kaffibolla úr baunum frá Ekvador. Okkur leið eins og við

hefðum fundið upp hjólið. Við höfðum reyndar einsett okkur að auki að finna bar með góðum bjór. Það mistókst okkur með öllu. Innfæddir eru bara ekkert í bjórnum.

Seinnipart síðasta dags, eftir að fundi var slitið, tók ég leigubíl í stærsta súpermarkaðinn í Salinas til að leita að alvöru kaffi og hugsanlega einhverju fleiru sem einkenndi Ekvador. Kaffið fann ég eftir ítarlega leit, annað ekki.

Það kostar hinsvegar sitt að vera áhugamaður um kaffi: það er víst sérlega vinsælt til að fela fíkniefni í farangri. Það var óneitanlega sérstök tilfinning að upplifa það á flugvellinum í Ekvador, af öllum stöðum, að nafnið manns var kallað upp og skipað að hafa umsvifalaust samband við fíkniefnaeftirlitið. Til að krydda upplifunina bættist við sú staðreynd að mér var vægast sagt farið að líða undarlega innvortis. Ég hafði séð á vefnum áður en ferðin hófst að full ástæða væri til að gæta að því hvað maður setti ofaní sig í Ekvador.

Það sem var á boðstólum fyrir okkur síðasta sólarhringinn var vægast sagt grunsamlegt. Ég hafði engu að síður freistast til að narta í einhvern kjúklingarétt og blöndu af hrísgrjónum og grænmeti síðasta kvöldið. Ég át lítið því mér fannst þetta vont. Fór svangur að sofa síðustu nóttina. Í þessu sambandi rifjaðist upp fyrir mér að við setningarathöfnina var sérstaklega bent á að í salnum væru tveir hjúkrunarfræðingar sem myndu sinna fundarmönnum, færu þeir að finna til óþæginda. Eftir stutta eftirgrennslan komst ég að því að einu lyfin sem þessar huggulegu konur buðu uppá voru vegna matareitrana.

Ecuador er án efa eitt af áhugaverðustu ríkjum heims. Innan lögsögunnar liggja Galapagos eyjarnar sem Charles Darwin heimsótti á sínum tíma og setti í kjölfarið fram þróunarkenninguna.

Það kom því á óvart hversu einfaldur matseðill heimamanna var. Kjúklingar og bananar í öll mál. Oftast í sömu körfunni. Eitt kvöldið fórum við Pierre með nokkrum „innfæddum“ út að borða. Staðurinn (sem var við hliðina á olóuhreinsistöðinni framangreindu) bauð uppá hinar og þessar útgáfur af „kjúkling og

banönum“. Þetta leiddi til þess að ég, undirritaður reis úr sæti og lýsti því yfir að betri mat hefði ég aldrei smakkað á ævinni og lagði áherslu á boðskapinn með því að henda aftur fyrir mig hálfum kjúkling og körfu af steiktum banönum. Jafnframt taldi ég öruggt að steikingarolían væri handan götunnar.

Fiskimennirnir náðu boðskapnum á stundinni: sópuðu óþveranum af borðum og báru mig skellihlajandi á höndum sér út í pallbíl all óhrjálegan og keyrðu eins og grenjandi ljón á pizzustað rétt hjá hótelinu. Pizzan klikkaði ekki.

Síðasta kvöldið var efnt til hátíðarhalda í boði fiskimannasamtakanna í Ekvador og þarlendrar stjórnvalda. Allri hersingunni var keyrt niður á svæði þar sem samtökin hafa skrifstofur og upphófst nokkru síðar flugeldasýning í bland við dans- og söngatriði sem erfitt var að fá neitt samhengi í.

Á borð var borið – ótrúlegt en satt – steiktir kjúklingar og ennpá steiktari bananar. Ég ákvað að lýsa yfir fullkominni uppgjöf og þeir sem sátu með mér til borðs urðu því fegnastir. Í húmi nætur hurfum við til kojs.

Það er vissulega svekkjandi að hafa ferðast hálfan hnöttinn, ekki síst til Ekvador, og sjá hugsanlega allt það sem er þar minnst áhugavert. Svipað og að upplifa Ísland með því að skoða malbikið á Reykjanesbrautinni.

Þetta hafa hinsvegar verið örlög mín í gegnum tíðina á þeim ferðalögum sem tengjast fundarhöldum Alþjóðasamtakanna. Ég sé samt ekki eftir neinu. Það starf sem unnið er á vegum WFF, Alþjóðasamtaka strandveiðimanna og fiskverkafólks hefur þegar skilað árangri og mun halda áfram að gera það í framtíðinni. Róm var ekki byggð á einum degi og réttindabaráttan strandveiðimanna á heimsvísu verður það ekki heldur.

LS getur sannarlega verið stolt af því að eiga þátt í réttindabaráttu strandveiðimanna á heimsvísu.

Arthur Bogason

Þykir þér vænt um bátinn þinn?

Bjóðum upp á hágæða efni frá International



- Perfection háglansandi polyúreþanlakk
- VC 17 Extra Teflon botnmálning sem tryggir minni olúeyðslu og meiri hraða
- Sjálfslípandi botnmálning í mörgum litum
- Teflonefni í úðabrusum á drifsköft og skrúfublöð
- Epiglass viðgerðarefni fyrir trefjaplast- og trébáta
- Hreinsiefni og bón fyrir plast og lakk
- Glær lökk og viðarolíur fyrir trébáta

SérEfni

– tæringarvörn til sjós og lands



Vígús Ásbjörnsson ásamt nokkrum ungum og upprennandi Hornfirðingum

Öflugt strandveiðikerfi er nauðsynlegur hlekkur í byggðafestu íslenskrar fiskveiðipjóðar.

Strandveiðikerfið hefur sýnt sig sem eitt öflugasta byggðafestukerfi sem komið hefur fram á Íslandi í seinni tíð og þó fyrr hefði verið fyrir íslenska fiskveiðipjóð. Strandveiðar voru öflugar hér áður en samþjöppun aflaheimilda fór að grafa undan byggðum allt í kringum landið og það voru mikil mistök að leyfa einum mikilvægasta hlekknum (frelsi til handfæraveiða) að hverfa úr virðiskeðju þjóðfélagsins.

Allir þekja afleiðingarnar. Vistkerfi og virðiskeðja íbúa í fiskveiðipjóðfélagi gengur ekki upp ef einn hlekkurinn er slitinn þar úr. Engin keðja heldur ef einn hlekkinn vantar. Þegar sá mikilvægi hlekkur sem strandveiðarnar eru var tekið úr keðjunni með samþjöppun aflaheimilda hvarf lífæð samfélagsins. Byggðir fóru nánast í eyði allt í kringum landið að undanskildum örfáum stöðum þar sem samþjöppunin átti sér stað.

Það er engin hagræðing í því, sé heildamyndin skoðuð, að leggja heilu byggðalögin í eyði. Eins og allir vita þá blómstruðu byggðir allt í

kringum landið á árum áður þar sem þessi hlekkur í viskerfi samfélagsins var til staðar og veitti íbúunum frelsi til athafna og nýtingar sjávarútvegsauðlindar þjóðarinnar með handfæraveiðum allt í kringum landið.

Fiskvinnslur risu og döfnuðu í kringum landið og útgerð smábáta var víða öflug. Álag á veiðisvæði dreifðist jafnt og þétt í kringum landið. Það þarf engan sérfræðing til að sjá að öflug smábátaútgerð og frelsi til handfæraveiða er lykillinn að blómlegu samfélagi hjá þjóð sem byggir jafn mikið á fiskveiðum og við Íslendingar. Þjóðin og þegnar hennar þrífast ekki nema að allir hlekkir samfélagskeðjunnar séu heilir og þar er öflugt strandveiðikerfi lykillinn að farsæld íslensku fiskveiðipjóðar. Slík þjóðfélagsgerð þrífst ekki eðlilega nema þegnar þess hafi slíkt aðgengi að fiskveiðiauðlindinni að þeir geti skapað sér lífsviðurværi með nýtingu hennar.

Strandveikerfinu var komið á laggirnar árið 2009 eftir mikla hnignun í byggðarfestu þjóðarinnar



BÁTALÍNA SLIPPFÉLAGSINS

BÁTAGRUNNUR

Tvípátta epoxygrunnur.

BÁTABOTNMÁLNING

Sjálfslípandi, gróðurhindrandi botnmálning.

BÁTALAKK

Tvípátta pólýúretanlakk sem heldur gljáa og lit sérlega vel.



og allir sem vilja opna augun sjá hversu jákvæð áhrif það hefur haft á þjóðfélagið. Byggðir blómstra í kringum landið meðan á veiðum stendur þessa 4 mánuði á ári sem strandveiðikerfið er opið. Samt er þetta kerfi einungis í múflugumynd miðað við það sem það þarf að vera til að einn mikilvægasti hlekkurinn í samfélaginu sé nægjanlega sterkur til þess að eðlileg þjóðfélagsmynd skapist hjá okkur sem fiskveiðipjóð.

Strandveiðisjómenn eru ekki aðilar sem sækjast eftir því að stunda bankastarfsemi með afaheimilidir. Þeir vilja skapa sitt lífsviðurværi innan samfélagsins með fiskveiðum og stunda þær veiðar á sem vistvænasta hátt. Það er einmitt þannig sem fiskveiðipjóðir virka og eru þegnum sínum og öðrum til sóma. Að handfæraveiðar séu njörfaðar niður með þeim hætti sem gert er, er sóun á tækifærum og verðmætasköpun. Handfæraveiðar eru vistvænar og það er stórkostlegt ofmat að ætla að þær gangi á fiskistofna við landið. Handfæraveiðar ættu að vera með öllu frjálssar.

Strandveiðikerfið er kerfi sem ekki er hægt að mínu viti að misnota. Þannig kerfi viljum við sjá.

Gerum það jafnt gott og jafn öruggt fyrir þjóðina allt í kringum landið. Eflum strandveiðikerfið svo um munar þannig að íslensk fiskveiðipjóð fái það frelsi og það aðgengi að sjávarútvegsauðlindinni sem henni er lífsnauðsynlegt og sem þjóðin og þegnar hennar eiga sannarlega skilið.

Íslenskt fiskveiðipjóðfélag verður að hisja upp um sig buxurnar og standa með þegnum sínum og veita þeim þau tækifæri sem henni eru lífsnauðsynleg til að dafna um ókomna framtíð. Það er komið nóg af hnignun byggða um allt land. Allir vita orökina.

Hlekkurinn sem öflugt strandveiðikerfi er, er lykillinn að farsælu fiskveiðisamfélagi og byggðarþróun á Íslandi. Frelsi til handfæraveiða ætti að vera frumbyggjaréttur okkar Íslendinga sem við fáum í vöggugjöf og með því gætum við loksins staðið undir því vera alvöru fiskveiðipjóð.

Vigfús Ásbjörnsson formaður Hollaugs, félags smábátæigenda á Hornafirði



Flotvinnugallar

Fyrir sjóveiðina
MOKVEIÐIKRÓKAR




Gúmmi krókar 5 stk. pk.
6/0' kr. 695.00 pk.
14/0 kr. 895.00 pk.



Vesturröst

Laugavegi 178 - s: 551 6770 - www.vesturrost.is



Vélfræði 101

Flestir smábátæigendur þekkja hin botnlausu leiðindi sem fylgja lélegum rafgeymum. Ef það er eitthvað sem enginn vill upplifa á miðunum né í höfn, þá er það veiklulegt starthljóð sem dregur af í framhaldinu. Eða rúllugeymar sem endast bara stutt rek.

Miðað við að u.þ.b. 1000 smábátar rói til fiskjar á ári hverju er fjöldi rafgeymanna um borð nálægt fjórum þúsundum.

Varlega áætlað liggja því um 150-200 milljónir í þessum eina útgjaldalið um borð í íslenska smábátaflotanum. Því er til nokkurs að vinna að hugsa vel um rafgeymana. Góð umhirða þýðir að rafgeymar gegna hlutverki sínu í langan tíma og dæmi eru um að startgeymar endist 8-10 ár og neyslugeymar 4-6 ár. Það er hinsvegar allt of algengt að sá tími sé helmingi styttri og þaðan af verri.

Hér verða rakin mikilvægustu atriðin sem hafa ber í huga varðandi góða umhirðu og umgengni rafgeymanna um borð. Með því að fylgja þessum leiðbeiningum er hægt að spara mikla fjármuni.

- 2. 1. Gæta þarf þess vandlega að geymarnir afhlaðist ekki um of. Ótrúlegt en satt: venjulegir 12,7 volta geymar eru í raun tómir þegar þeir er komnir niður í 12 volt.**

- 2. 2. Hlaða rafgeyma ekki hratt, sérstaklega ef þeir ná að verða tómir. Hæg hleðsla er þá lyklatríði. Margir standa í þeirri trú að stórir alternatorar séu lausnin. Þetta er misskilningur. Innra viðnám geymanna tekur ekki á móti miklum straum frá of stórum alternatorum.**
- 2. 3. Halda pólum, pólskóm og vírum hreinum. Sé komin spansgræna er best að hreinsa hana með heitu vatni og skrúbba síðan með vírbursta. Eftir að allt er orðið þurr skal maka á ál- eða koparslipp. Áslippið er betra en vilji menn losna við sóðaskapinn sem fylgir áslippinu er hægt að nota vaselín með ágætis árangri.**
- 2. 4. Séu rafgeymar fullhlaðnir hefur frost ekki áhrif á þá. Á hinn bóginn er algeng ástæða þess að þeir skemmast í kuldu sý að þeim hefur ekki veri haldið í fullri hleðslu. Þá fer kuldinn að segja til sín. Þannig getur langvinnt frost sprengt sellurnar og eyðilagt geymana.**
- 2. 5. Athuga vatnsstöðu geymanna reglulega. Ef þeir eru að missa vatn, þá er líklega verið að ofhlaða þá – á götumáli – steikja þá og eyðileggja.**
- 2. 6. Spennujafna. Í flestum handfærabátum (t.d.) háttar þannig til að 4 geymar eru um borð: einn startgeymir, einn neyslugeymir og tveir rúllugeymar. Margir eru með startið og neysluna á 12 voltum en rúllurnar á 24 voltum.**

Spennujöfnun er einungis hægt að framkvæma með hleðslutækjum, alls ekki alternatorum. Síhleðslustöðvar sanna hér gildi sitt og þeim smábátæigendum fer stöðugt fjölgandi sem fjárfesta í slíkum tækjum. Það er vel.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að hafa í huga, komi í ljós að annar geymirinn í öðru hvoru settinu er orðinn slappur, að það er engin undankomuleið: það verður að skipta út báðum geymunum. Að skipta út öðrum þeirra er glapræði. Reglan er þessi: geymar mega hvorki vera af sitt hvorri gerð, stærð eða aldri. Margir standa í þeim misskilningi að díóðubretti (hleðsludeilar) séu lausnin. Svo er alls ekki. Hér verður ekki farið úti flóknar rafmagnsfræðilegar skýringar, en best er að forðast díóðubretti.

Fleira kemur til

Hér hefur verið rakið hvernig hægt er að lengja líftíma rafgeyma svo um munar. En það er fleira sem vert er að hafa í huga.

Tryggja þarf að kaplar frá alternatorum að geymum séu af réttri stærð. Ef þeir eru það ekki leiðir það til þess að spennustýringin í alternatorunum skilar sér ekki.

Þá er þjóðráð að setja mæli/mæla sem fylgjast með straumnum inn og út af geymunum. Best ef voltmælir er sambyggður.

Fornleifafraeðingar halda því fram að þeir hafi fundið við uppgröft í Írak leifar af einhverskonar rafhlöðu sem sett var saman fyrir margt löngu.

Það má vel vera, en það er við hæfi að Ítalinn, eðlis- og efnafræðingurinn Alessandro Volta fái hlýjar kveðjur frá íslenskum smábátæigendum: fyrir hartnær 220 árum smíðaði hann fyrstu rafhlöðuna og þá er ekki síður ástæða til að heiðra minningu franska eðlisfræðingsins Gaston Planté sem fann upp

endurhlaðanlega rafgeymirinn árið 1859. Sá rafgeymir er í raun nákvæmlega sá sami og við notum í dag í bílunum okkar – og í tilfelli smábátaútgerðarinnar – bátunum.

Húsráð

Barkarnir sem liggja úr stýrishúsi og afturí fyrir olúgjöf og skiptingu afturábak- og áfram er eitt af því sem skipta þarf um á nokkurra ára fresti. Iðulega endast þessir barkar í áraræðir, en svo kemur að því að þeir verða stirðir og festast. Á hverju vori komast nokkrir smábátæigendur að því að barkarnir eru fastir og þar með ónýtir.

Það er ágætis húsráð að gera eftirfarandi þegar nýjir barkar eru settir í: stingið endunum í ílát með gírolú eða annarri þykkri olú og skakið teininum fram og til baka í nokkra stund. Þannig dregst olían inni barkann og hindrar að raki komist þar óboðinn.


Sé þetta gert getur líftími barkans lengst um helming!

OFHLEÐSLA BÁTA

Skipstjórnarmenn eiga að vita hve mikinn farm bátur þeirra getur borið en samt gerist það að bátar sökkva vegna ofhleðslu.

Ef vel fiskast þarf að gæta þess að ofhlaða ekki bátinn svo tryggt sé að fólk og fley komist heilt til hafnar.

Láttu ekki aflann verða þér að fjörtjóni.



LANDSSAMBAND
smábátæigenda

Samgöngustofa





Hvað með frumbyggjaréttinn?

Litlu sjávarþorpín lífa í látlausri óvissu

Í byrjun maímánaðar var haldið málþing á Flateyri um stöðu sjávarþorpa. Einn fyrirlesaranna var Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri.

Þar benti hann réttlæga á að litlu sjávarþorpin búa í látlausri óvissu hvað varðar grunnstoðirnar í atvinnulífinu. Þetta er sannarlega áhugaverð umræða fyrir þá sem berjast fyrir öflugri smábátaútgerð, því hún hélt uppi fjölmörgum smærri byggðarlögum á ströndinni – þar til kvótakerfið hóf að höggva í þann knérunn.

Brimfaxi hafði samband við Þórodd og bað hann að svara nokkrum spurningum í þessu sambandi.

Sp: Þóroddur, fyrsta spurningin er frá þér sjálfum komin:

„Í umræðum um sjávarútveg er talað um rétt þjóðarinnar til að njóta auðlindarinnar, talað um rétt sjárvarútvegsins til að vera með

arðbæran rekstur, gott og vel, þá getum við spurt: Byggðalög sem byggðust upp á sjávarútvegi og eiga ekki að öðru að hverfa, eiga þau einhvern sjálfstæðan rétt til að halda því áfram?“

Sv: „Svona spurningar um réttindi einstaklinga, byggðarlaga eða þjóða eru á endanum siðferðilegar og pólitískar spurningar og einhverjir fræðimenn geta auðvitað ekki svarað þeim endanlega. Í lýðræðissamfélögum eru réttindi ákveðin með lögum, framkvæmd þeirra laga og ákvörðunum dómstóla í álitamálum. Það er samt ekki þannig að lögin endurspegli endilega einhvern einn þjóðarvilja – ólíkir aðilar berjast auðvitað allir fyrir sínum hagsmunum og fámenn sjávarþorp hafa ekki sama slagkraft og sumir aðrir hagsmunaaðilar.

Markmið laganna um stjórn fiskveiða er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Þarna skipir auðvitað öllu máli hvaða skilning maður leggur í hugtakið “í landinu”. Er þarna átt við einstök

byggðarlög, vinnusóknarsvæði, landshluta eða bara landið í heild?

Það má segja að lögin um stjórn fiskveiða hafi treyst atvinnu og byggð í landinu í heild í þeim skilningi að nokkur stór fyrirtæki í sjávarútvegi skila miklum hagnaði, tæknivæðing hefur aukið framleiðni og bætt vinnuaðstæður, mörg vel launuð afleidd störf hafa orðið til og sjávarútvegur skilar miklum gjaldeyristekjum til landsins. Sjávarútvegurinn greiðir sömuleiðis skatta og skyldur til samfélagsins og það eflir auðvitað íslenskt samfélag í heild.

Framkvæmd laganna hefur hins vegar ekki tryggt trausta atvinnu og byggð í öllum sjávarbyggðum landsins. Sum stærri byggðarlögin hafa reyndar notið góðs af samþjöppun í veiðum og vinnslu og sömuleiðis afleiddum störfum í tækni og þjónustu. Mörg þeirra eru líka hluti öflugra og fjölbreyttra vinnusóknarsvæða þar sem sjávarútvegur er aðeins ein af mörgum stöðum atvinnulífsins. Aðrar sjávarbyggðir og sérstaklega mörg smærri sjávarþorp langt frá mesta þéttbýlinu hafa hins vegar farið illa út úr þróun síðustu áratuga.




Þóroddur Bjarnason prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri

Þannig að lög um stjórn fiskveiða hafa eflt atvinnu og byggð í landinu í heild og líka í sumum sjávarbyggðum, einkum þeim stærri og öflugri. Verndun og nýting fiskistofnanna hefur hins vegar ekki eflt atvinnu og byggð í mörgum sjávarþorpum sem byggðust upp við sjávarsíðuna og eiga ekki að öðru að hverfa.“



Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir á sjómannaþinginn



Marás ehf.
Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - Fax: 565 7230
www.maras.is

Þjóðum einungis viðurkenndan búnað

Allt fyrir nýsmíðina
Allt fyrir sjávarútveginn

Sp: Sjávarþorp sem grundvölluðust í upphafi á nýtingu aðlægra fiskimiða eiga mörg mjög erfitt uppdráttar í dag þar sem rétturinn til fiskveiðanna er horfinn á braut. Víða í heiminum þar sem stunduð er smábátaútgerð frá litlum þorpum á ströndinni, er litið á fiskveiðarnar sem mannréttindi þeirra sem þar búa. Telur þú að hægt sé að vísa til einhverskonar únninna réttinda þessara þorpa hvað þetta varðar?

Sv: „Þegar kvótakerfið var sett á fót var einungis byggt á þriggja ára veiðireynslu fiskiskipa við úthlutun kvóta. Á sínum tíma hefði kannski þurft að taka afstöðu til þess hvort veiðireynsla einstakra byggarlaga skapaði íbúum þeirra einhver réttindi til að sækja sjóinn

áfram. Það er kannski erfiðara en ekkert útilokað að gera það núna. Upplýsingarnar eru til og það er auðvitað á valdi löggjafans að gera breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Strandveiðarnar eru að einhverju leyti dæmi um slíka nálgun þótt þar sé ekki verið að horfa til smábátaútgerðar frá litlum þorpum sérstaklega. Auðvitað mætti hugsa sér að skilgreina minni strandveiðisvæði þar sem einungis smábátasjómenn með búsetu í sjávarþorpum við ströndina mættu veiða. Ráðuneytið hefur nú þegar heimild til að nýta allt að 5,3% heildaraflans til sértækra aðgerða af því tagi en löggin um stjórn fiskveiða eru auðvitað bara mannanna verk og Alþingi hefur talsvert svigrúm til að útfæra réttindi til fiskveiða.“

Tilboð á rafgeymum frá ZAP til Landssambands smábátaeigenda



Rafgeymar fyrir bíla, vinnuvélar og báta með mikla rafmagnsnotkun

ZAP tegund	Cat. No.	Ah20h	Kaldræsiþol		Verð m/VSK
			Amper	-18°C	
Truck Freeway Evolution	680 13	180	1000	L x B x H mm.	37.548 kr.
Truck Freeway Evolution	680 14	180	1000	513 x 222 x 220	37.548 kr.
Truck SHD	730 11	230	1200	518 x 274 x 243	43.848 kr.

Rafgeymar fyrir hæga afhleðslu

Energy Plus	967 50	175	900	513X210X210	39.648 kr.
Energy Plus	968 50	185	1000	513X210X220	39.648 kr.



Skeljungur hf. Pöntunarsími: 444 3001 www.skeljungur.is/fyrirtaeki



STRANDVEIÐAR



Áttu þér draum um að fara á STRANDVEIÐAR - þá höfum við námið fyrir þig.

SMÁSKIPANÁMSKEIÐ staðarnám 12 m og styrtri fyrir- Atvinnuréttindi

VÉLAVÖRÐUR á skipi með 750 kW vél - 12 m og styttra að skráningarlengd.

AFLAMEDFERÐ markniðið með námskeiðinu er að viðkomandi tileinki sér góð vinnubrögð er varðar aflamedferð.

Fisktækniskóli Íslands býður upp á þessi námskeið hægt er að sjá nánari upplýsingar á heimasíðu okkar eða hjá starfsmönnum í síma 412-5966 eða á www.fiskt.is

Einnig býður Fisktækniskóli Íslands býður upp á fjölbreytt nám í sjávarútvegi á framhaldsskólastigi. Námið er hagnýt tveggja ára nám sem er byggt upp sem önnur hver önn í skóla og hin á vinnustað.

Nemendur geta valið sér námsleiðir í sjómennsku, fiskvinnslu og fiskeldi.

Verkefni og vinnustaðir eru valdir með hlöðsón af áhuga hvers og eins.



Fisktækniskóli Íslands
Icelandic College of Fisheries

Víkurbraut 56 240 Grindavík. info@fiskt.is



Sp: Hefur þú einhverjar ákveðnar hugmyndir hvað beri að gera í málefnum litlu sjávarplássanna?

Sv: „Litlu sjávarþorpinn eru afskaplega misjöfn og það er meira að segja spurning hvaða sjávarbyggðir eigi að kallast litlar og hverjar stórar. Flest sjávarþorp með færri en 500 íbúa eru í erfiðri stöðu en það má líka segja um sum byggðarlög sem eru tvöfalt, þrefalt eða fjórfalt stærri en byggja samt að verulegu leyti á sjávarútvegi. Óvissan um framtíðina sem er innbyggð í kvótakerfið hefur samt verulega neikvæð áhrif á þau öll.

Það er tiltölulega auðvelt að hjálpa minnstu þorpinum innan núverandi kerfis þar sem nærri 30 þúsund þorskígildistonn eru ætluð til sértækra aðgerða. Það væri til dæmis hægt að tryggja mörgum smábátasjómonnum atvinnu með þeim heimildum og halda þónokkrum litlum eða meðalstórum vinnslum gangandi. Þær heimildir myndu hins vegar duga skammt til að tryggja öflugan sjávarútveg í stærri sjávarbyggðum landsins.

Núverandi kerfi byggir auðvitað á því að fyrirtækin geti hagrætt í rekstri að vild. Það er auðvelt að lýsa því yfir að fyrirtækin eigi að sýna samfélagslega ábyrgð en á endanum bera stjórnendur fyrirtækja fyrst og fremst ábyrgð gagnvart eigendum fyrirtækjanna. Það eru hins vegar stjórnvöld sem bera samfélagslega ábyrgð gagnvart þegnum og fyrirtæki og einstaklingar eiga að fylgja þeim lögum og reglum sem stjórnvöld setja.

Það er hins vegar líka mikilvægt að íbúarnir sjálfir hafi eitthvað að segja um þær aðgerðir sem gripið er til. Aðstæður eru ólíkar og framtíðarmöguleikar einstakra byggðalaga eru það líka. Á sumum stöðum getur verið raunhæft að viðhalda veiðum og vinnslu til næstu áratuga en á öðrum stöðum hefur sjávarútvegur nú þegar lagst alveg af án þess að annað hafi komið í staðinn. Aðalatriðið er að gefa sjávarbyggðum svigrúm til að þróast og aðlagast breytilegum aðstæðum, hvort sem það er með eflingu sjávarútvegs eða uppbyggingu atvinnu á öðrum sviðum.“



Virðing | Sjálfbærni | Velferð

Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum eru að hafa virðingu, sjálfbærni og sanngirni að leiðarljósi í starfsemi sinni til að skapa félaginu og samfélaginu velferð og farsæld. Það gerist meðal annars með því að

- umgangast og nýta auðlindir hafsins með virðingu og skynsamlegri sókn.
- stjórna ferli veiða, vinnslu og markaðsmála allt til neytandans þannig að saman fari kröfur um gæði, ábyrgð og afrakstur í starfseminni.
- stuðla að sjálfbærni auðlinda og samfélags, styrkja innviði byggðarlags síns og velferð þjóðarinnar allrar.
- leitast við að láta gagnkvæma sanngirni ríkja í samskiptum, jafnt inn á við sem út á við.
- stuðla að arðsömum rekstri svo menn njóti ávöxtunar af vinnuframlagi sínu og skapi um leið forsendur þess að félagið fái staðið undir samfélagslegri ábyrgð sinni.
- bera virðingu fyrir neytendum sjávarfangs og leitast ætíð við að tryggja að vörumerkið VSV sé öruggt tákni um góðar og hollar afurðir.
- virða hvert annað, einnig þá sem starfa í sjávarútvegi og í þjónustu- og viðskiptagreinum sjávarútvegsins.

Sendum sjómönnum og öllum öðrum,
sem starfa við íslenskan sjávarútveg,
kveðjur í tilefni sjómanna dagsins!

Hafnargata 2 | 900 Vestmannaeyjar | sími 488 8000 | vsv@vsv.is | www.vsv.is

Vinnslustöðin Vestmannaeyjum **VSV**

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra bestu óskir í tilefni sjómanna­dagsins



Landhelgisgæsla Íslands

Fiskmarkaður Patreksfjarðar ehf.

Fiskifélag Íslands

Fjallabyggð



VM Félag vélstjóra
og máltæk­nimanna
máltæk­nimanna



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



APÓTEK
VESTURLANDS



BRIM
SEAFOOD



Brimfaxi

Brimfaxi sendir félagsmönnum Landssambands smábát­aeigenda sem og landsmönnum öllum bestu óskir í tilefni sjómanna­dagsins.

ER
EINHVUR AÐ
HLUSTA Á ÞIG?

Rás 16 er neyðarrás sjófarenda og alltaf opin.
Það að þú hlustir á hana getur skilið á milli lífs og dauða.

Samgöngustofa 
og verkefnisstjórn um öryggi sjófarenda